



# *Frímúrarinn*

*Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi*



# Viltu efla þína fjárhagslegu heilsu?

Kynntu þér allt um sparnað hjá Íslandsbanka

LEIÐARI RITSTJÓRA

## Byggt á traustum grunni

Á hásumri kemur fyrra tölublað Frímúrarans árið 2024 út og kennir ýmissa grasa í umfjöllun blaðsins eins og jafnan áður. Í tvo áratugi hefur blaðið þjónað til upplýsinga fyrir meðlimi Reglunnar en einnig sem gluggi fyrir alla þá sem ekki eru þátttakendur í starfi Frímúrarareglunnar á Íslandi. Þótt trúnaður ríki um fundasiði á vettvangi hennar er allt annað gert fyrir opnum tjöldum og efnistösk blaðsins hafa frá upphafi lotið því viðmiði.

Blaðið hefur vakið áhuga meðal margra á útgáfutímanum og þannig orðið til þess að fjölga í hópi umsækjanda um að gerast meðlimir í Reglunni. Þannig hefur Frímúrarinn uppfyllt eitt af markmiðum sínum.

Á síðum blaðsins hefur aldrei verið farið í grafgötur með þá staðreynd að Frímúrarareglan byggir grundvöll sinn á kristnum gildum. Það er í samræmi við aðrar opinberar upplýsingar um starfið. Á heimasíðu Reglunnar segir meðal annars í lýsingu á því hvað starfið felur í sér:

*„Frímúrarareglan er ekki leynifélag eða hagsmunahópur, en byggir starf sitt og tilveru á kristnum grundvelli þar sem boðið er upp á leiðir til andlegs þroska, vaxtar, ihugunar og tækifæri til að taka sér frí frá áreiti hins daglega lífs.“*

Þessari staðreynd sér stað í blaðinu nú eins og fyrri daginn, bæði í ávarpi sr. Kristjáns Björnssonar, æðsta kennimanns Reglunnar, en einnig víðar. Þannig er í blaðinu meðal annars fjallað um einn mesta dýrgrip Frímúrara og raunar íslensku þjóðarinnar um leið. Þar er á ferðinni einstakt eintak Guðbrandsbiblíu sem gefin var Reglunni fyrir sléttum 100 árum. Bókin er 440 ára gömul, kom nýprentuð úr prentsmiðju Guðbrands biskups á Hólum árið 1584. Í blaðinu er meðal annars gerð grein fyrir áritun biskups sjálfs á titilsíðu bókarinnar en þar er einnig upplýst hver þáði eintakið úr hönd þess höfðingja sem lengst hefur setið biskupsstól á Íslandi. Guðbrandur sat Hólastól í 56 ár og geri aðrir betur.

Fer vel á því að fjallað sé um bók bókkanna í þessu blaði því þar er einnig rætt við Steingrím B. Gunnarsson, bókavörð Reglunnar. Hann fer fyrir bókasafni hennar sem í ár fagnar 100 ára afmæli.

Guðbrandur lagði grunn að ritmáli íslenskunnar eins og við þekkjum hana í dag með útgáfustarfi sínu á Hólum. Í þann brunn sækjum við á hverjum degi. Með sama hætti sækjum við í brunn Reglunnar. Hún, rétt eins og Guðbrandur forðum, byggir sömuleiðis starf sitt á þeim sem á undan komu og fóru. ✨

EFNISYFIRLIT

- 3 **Leiðari**
- 4 **Forsíðumyndin**
- 6 **Margs konar útgáfa**  
*Fræðsla og kynningar á starfsemi Reglunnar*
- 12 **Bókasafnið 100 ára**
- 16 **440 ára gömul bók bókkanna**  
*Guðbrandsbiblían*
- 20 **Regluhátíð**
- 22 **Hugvekja æðsta kennimanns**
- 26 **Bifhjólaklúbburinn Fenrir á ferð**
- 30 **Stórhátíð og nýir R&K**
- 34 **Tilskipun embættismanna**
- 36 **Uppgjör Norðmanna við nasismann**
- 38 **Virðing, agi og metnaður**  
*St. Jóh.st. Fjölnir*
- 44 **Oddfellow**
- 48 **Blikkarinn á skurðstofunni**  
*Ég er frímúrari – Willy Petersen*
- 54 **Áhrif COVID-19 á starfsemi Reglunnar**
- 58 **Á slóðum Musterisriddaranna á Möltu**
- 61 **Ávarp SMR**
- 54 **Nýir stólmeistarar**

## Fólk á ferð



Yfir sumarmánuðina liggur formlegt frímúrarastarf í dvala. Því verður hrundið úr vör að nýju með fundi á vettvangi Landsstúkunnar þann 5. september næstkomandi. Síðustu formlegu fundir sem haldnir voru í Regluheimilunum voru svokallaðir Jónsmessufundir á Ísafirði og á Akureyri en sterk hefð hefur skapast fyrir þeim og eru þeir sóttir af bræðrum víða að.

En þótt hið formlega fundastarf liggja niðri er líf og fjör meðal bræðranna og fjölskyldna þeirra. Því veldur meðal annars aukið klúbbastarf sem rekið er í tengslum, en þó ekki á ábyrgð Reglunnar. Má þar nefna starf í tengslum við áhugamál, svosem skotfimi, bifhjólaakstur, golfþróttina og hjólreiðar. Allt eru þetta tólmstundir sem gefa bræðrum, systur og fjölskyldum tækifæri til uppbyggilegrar samveru og virka um leið sem farvegur nýrra kynna, þvert á stúkur og stig.

Forsíða Frímúrarans er að þessu sinni sótt á vettvang þessa starfs. Reiðhjólaklúbburinn Sleipnir hefur nú verið starfræktur frá árslokum 2022 og staðið fyrir hjólaferðum, bæði innan borgarlandsins og utan. Hefur sá háttur meðal annars verið hafður á að yfir sumartímann hittast félagsmenn og gestir þeirra alla þriðjudaga kl. 18 og bruna af stað í styttri hring.

Hefur klúbburinn vaxið og dafnað, rétt eins og hjólreiðum almennt í landinu. Mikil vakning hefur orðið um heilnæmi þeirra og þau tækifæri

sem einnig felast í því að koma sér skjótt og skemmtilega milli staða – ekki síst þegar vel viðrar.

Þann 22. júní síðastliðinn efndi klúbburinn til mikillar ferðar kringum Skorradalavatn en leiðin sú er um 40 kílómetra löng. Var veður með besta móti. Nærri logn og milt þótt örlítill úrkomu hafi orðið vart á hluta leiðarinnar. Lagt var af stað kl. 11:00 frá tjaldstæðinu í dalnum en þar stóðu stúkurnar Edda og Gimli fyrir árlegri útilegu þessa daga.

Tók það hópinn á fjórðu klukkustund að ljúka þessari ferð sem bauð upp á ólíka upplifun, allt frá grófu undirlagi til malbiks og fíngerðs malarvegar. Segir í ferðalýsingu hópsins sem birt var á heimsíðu Reglunnar að ferðalagið hafi gengið að mestu áfallalaust fyrir sig.

„Eitt dekk sprakk og þurfti nokkra bræður til að leysa úr því verkefni í sameiningu – áður en hópurinn gat hjólað af stað á ný.“

Á leiðinni var komið við á Fitjum og nærðist hópurinn þar. Jón Arnar Guðmundsson, bróðir í Eddu, veitti hópnum leiðsögn um Fitjakirkju sem reist var 1897 og þangað dreif að fleiri bræður og systur sem valið höfðu sér næturstað á fyrrnefndu tjaldstæði.

Hjólaleiðangur um Skorradal hefði svo ekki staðið undir væntingum án þess að hús væri tekið á Péttri Davíðssyni bróður í Gimli og stórbónda sem kenndur er við býli sitt, Grund. ✨

## Frímúrarinn

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi  
1. tbl. 20. árg.  
Ágúst 2024



## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Bríetartún 3  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík  
frimurarinn@frimurarareglan.is

## Ábyrgðarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, YAR

## Ritstjóri

Stefán Einar Stefánsson

## Ritstjórn

Arnar Þór Jónsson  
Bragi V. Bergmann  
Skúli Unnar Sveinsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Þórhallur Birgir Jósepsson

## Auglýsingar

Erling Adolf Ágústsson  
Andri Stanley Sigurðsson  
Jón Kristinn Jónsson

## Hönnun og umbrot

Hörður Lárusson

## Forsíðumynd

Meðlimir Hjólreiðaklúbbs Frímúrarar, Sleipnis, hjóla í Skorradal.  
Ljósmynd: Hörður Lárusson

## Prentun

Litlaprent ehf.

## Pappír

Amber 240 g. / 100 g.

## Letur

Tundra Pro

Efni þeirra greina sem birtast í blaðinu er á ábyrgð höfunda og þarf ekki að endurspeglja stefnu Frímúrarareglunnar á Íslandi.

# Velkomin í nýjan og stórglæsilegan sýningarsal HTH



Svansvottaðar  
innréttingar

# Margs konar útgáfa og miðlun

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson  
Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson



↑ Formaður fræðaráðs, Guðmundur Kr. Tómasson, yfirarkitekt Reglunnar.

Verkefni Fræðaráðs innan Reglunnar eru margþætt en þau varða fyrst og fremst upplýsingamiðlun, útgáfu og fræðslu, bæði innan og utan Reglunnar. Undir Fræðaráð heyrir Bókasafn, Minjasafn, Ljósmyndasafn, Fræðslunefnd, Frímúrarinn, sem er tímarit Reglunnar og Vefnefnd.

Formaður Fræðaráðs er Guðmundur Kr. Tómasson, yfirarkitekt Reglunnar. Frímúrarinn tók hann tali og grennsladist fyrir um verkefni ráðsins og hvað helst heyrir til tíðinda af vettvangi þess.

## Hundrað ára bókasafn

Í síðasta tölublaði Frímúrarans frá því í desember var fjallað um útgáfu hljóðbóka með stigbundnu efni sem aðgengilegar eru á bókasafni. Guðmundur segir margt fleira spennandi á döfinni.

„Síðar á þessu ári verða liðin 100 ár frá stofnun bókasafns stúkunnar Eddu sem hóf formlega starfsemi haustið 1924. Bókasafnið er því elsta undirstofnun Fræðaráðs. Þessara tímamóta verður minnst með ýmsum hætti. Þar ber fyrst að nefna að öll söfn Reglunnar hafa sameinast um að fagna þessum tímamótum með sérstökum viðburði þann 24. ágúst næstkomandi, sem ber upp á Menningarnótt, undir yfirskriftinni „Frímúrarareglan – söfn og saga“. Regluheimilið verður þá opið bræðrum og fjölskyldum þeirra og almenningi verður gefinn kostur að líta við og skoða ýmsar bækur, rit, muni og listaverk í eigu Reglunnar.“

Í síðasta tölublaði Frímúrarans var fjallað um ensku grundvallarskipunina og greint frá því að Jóhann Heiðar Jóhannsson ynni að þýðingu hennar á íslensku. Ákveðið hefur verið að formleg útgáfa hennar verði þennan sama dag og þá gefst gestum jafnframt tækifæri til að skoða þetta merkilega rit sem liggur til grundvallar öllu nútíma frímúrarastarfi, ekki aðeins því enska heldur einnig sænska kerfinu að vissu marki.

„Í tilefni þessara tímamóta stendur einnig til að gefa út ágríp af sögu safnsins í Regluheimilinu og þeirra bókasafna sem starfrækt eru í öðrum starfsstöðvum en Regluheimilinu. Þá hefur að undanförmu verið unnið að endurnýjun á hillukerfi bókasafnsins og endurbótum á starfsaðstöðu og búnaði safnsins. Bókasöfn Reglunnar eru sérsöfn og því ljóst að ekki er unnt fyrir söfnin að varðveita allar bókgjafir sem þeim berast,“ útskýrir Guðmundur.

Hann bendir á að við ákvörðun um varðveislu bóka og rita á bókasöfnum Reglunnar sé í meginatriðum stuðst við þrjú atriði. Í fyrsta lagi stigbundið efni sem tengist sænska reglukerfinu, grundvallarlög Reglunnar, stigbækur, sp.bækur og valin erindi auk óstigbundins efnis um sögu og þróun kerfisins. Í öðru lagi óstigbundið og stigbundið efni um önnur frímúrarakerfi en það sænska. Og í þriðja lagi efni sem varðar kristna trú, mannrækt og kristin gildi.

## Fræðslunefnd með margþætt hlutverk

„Fræðslunefndin hefur unnið frábært starf undanförmissemi og ár. Nefndin hefur staðið fyrir fjölda fræðslufunda og fræðsluþinga undir heitinum, Jóhannes, Andrés og Kapítuli, þar sem einstök stig Reglunnar hafa verið til umfjöllunar og umræðu. Þessir fundir eða fræðsluþing hafa verið mjög vel sótt og mikill metnaður lagður í að gera þau sem allra best úr garði. Fullyrða má að innihald og efnistöð hafi dýpkað skilning og þekkingu á síðabálkum Reglunnar fyrir alla þá bræður sem sótt hafa þessa viðburði,“ segir Guðmundur.

Hann bendir þó á að fræðslunefndin hafi á undanförmum árum ekki aðeins haft með höndum vandaða stigbundna fræðslu því hún hafi einnig staðið fyrir tveimur stórum opnum viðburðum fyrir bræður og gesti þeirra.

„Hér er annars vegar um að ræða fjölmenna ráðstefnu um Alzheimer og aðra heilabilunarsjúkdóma og hins vegar fræðslumót um fjármál einstaklinga á seinni hluta ævinnar. Þessir viðburðir voru ekki aðeins fyrir bræður í Reykjavík og gesti þeirra, þeir voru einnig gerðir aðgengilegir í rauntíma í fjölda stúkuhúsa utan Regluheimilisins,“ segir Guðmundur.

Auk útgáfu þeirra fræðsluerinda sem flutt hafa verið á fræðingum hefur Fræðslunefndin safnað saman völdum erindum frá starfsstúkum með það í huga að velja bestu erindin til útgáfu, segir Guðmundur. Og fleira er á döfinni.

„Á síðasta ári var farið af stað með nýja stigbundna ritröð undir heitinu „Fræði og fróðleikur“. Þessi nýja ritröð á sér samsvörun í sambærilegum ritröðum útgefnum af dönsku, norsku og sænsku reglunum. Nú þegar hafa verið gefin út þrjú ný hefti í þessari röð, eitt fyrir hvert hinna fyrstu stiga hverrar deildar Reglunnar I, IV/V og VII stig. Undirbúningur er hafinn að frekari útgáfu fyrir önnur stig.“

Guðmundur bendir einnig á að nú sé unnið að útgáfu

→ Bæklingarnir þrír sem þegar eru komnir í dreifingu.



↑ Ný stigbundin ritröð, Fræði og fróðleikur, sem er aðgengileg á bókasöfnum Reglunnar.

annars fræðsluefnis fyrir öll stig Reglunnar. Þar er um að ræða fjögur hefti, sem öll bera heitið Hvað? – Hvers vegna? – Hvernig? Útskýrir hann að hvert rit kynni þau atriði sem mikilvæg eru hverjum embættismanni við störf sín á hverju stigi. Leitast er við að skýra hvað sé í gangi á hverjum tíma, hvers vegna orð og athafnir eru með þeim hætti sem raun ber vitni og hvernig best er að haga viðkomandi embættisverki. Ritin byggja á efni frá sænsku Reglunni.

„Við vonumst til að þetta efni verði aðgengilegt í byrjun næsta starfsárs,“ bætir Guðmundur við.



← ↓ Kynningarfundir hafa verið haldnir um land allt, sem hafa allir verið vel sóttir af áhugasömum mönnum og mökum þeirra.

### Þrjú nýir bæklingar

Þá hefur Fræðaráð staðið fyrir útgáfu þriggja nýrra bæklinga sem bræður hafa séð bregða fyrir í Regluheimilunum. Þeir eru hluti af stærra verkefni að sögn Guðmundar.

„Unnið hefur verið að útgáfu fimm nýrra bæklinga. Þeir þrjú fyrstu, *Velkominn*, *Kærleikur í verki* og „*Introduction*“ voru gefnir út í mars. Bæklingurinn *Velkominn* er einkum hugsaður fyrir nýja félaga til að auðvelda þeim innsýn í skipulag og kerfislega uppbyggingu Reglunnar. Þar er að finna margvíslegar gagnýtar upplýsingar sem tengjast frímúrarastarfinu sem nýtast ekki síst nýjum bræðrum.

Bæklingurinn *Kærleikur í verki* er hugsaður fyrir alla bræður í Frímúrarareglunni. Umfjöllunarefnið er m.a. samskipti bræðra, umhyggja og stuðningur við þá sem þurfa á aðstoð að halda. Þar er einnig að finna upplýsingar um styrktarsjóði Reglunnar, hvernig fjáröflun þeirra er háttað og með hvaða hætti söfnunarfé er ráðstafað til þeirra sem þurfa á aðstoð að halda, bæði inn á við og til þeirra sem utan Reglunnar standa.

Bæklingurinn „*Introduction*“, er einkum hugsaður til fróðleiks fyrir erlenda bræður, sem starfa eftir öðrum frímúrarakerfum en því sænska.

Þá er einnig unnið að útgáfu tveggja bæklinga til viðbótar. Annar þeirra varðar samspil frímúrarastarfs og kristinnar trúar, en efni hins varðar Regluheimilið og sögu þess.“

Fyrir nokkrum árum komu út bæklingarnir *Frímúrarareglan á Íslandi*, *mannúðar- og mannræktarstarf á kristnum grunni* og hins vegar útdráttur úr þeim bæklingi sem ber heitið *Kynning*. Þeir eru ætlaðir áhugasömum innsækjendum og fjölskyldum þeirra. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um Frímúrararegluna á Íslandi og fyrir hvað hún stendur. Þessir tveir bæklingar verða innan tíðar uppfærðir og endurútgefnir, að sögn Guðmundar.

### Vel sóttir kynningarfundir

Yfirstjórn Reglunnar hefur að undanfögnu staðið fyrir sérstökum kynningarfundum í samstarfi við Jóhannesarstúkur. Guðmundur segir að reynslan af þeim sé mjög góð.



## FRAMÚRSKARANDI GÆÐI



# Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



→ Áhugasamir menn og makar þeirra skoða húsakynni Frímúrarareglunnar, eftir kynningarfund í Bríetartúni.



„Þessir fundir hafa tekist afar vel. Erindreki reið á vaðið fyrir nokkrum árum með kynningarfundum fyrir fjölskyldur bræðra og fyrir aðra sem sýnt hafa áhuga á að fræðast um Regluna. Erindreki hefur jafnframt tekið á mótum ýmsum hópum námsmanna sem sýnt hafa áhuga á að fræðast um starfsemi Reglunnar.

En auk þessara funda var haustið 2022 farið af stað með sérstaka kynningarfundum í samstarfi við Jóhannesarstúkur innan Reglunnar. Covid-faraldurinn hafði eins og gefur að skilja veruleg tímabundin áhrif á hefðbundna starfsemi hjá okkur. Það dró úr fundasókn og fundastarf lagðist alfarið af um hríð, en fundasóknin hefur hins vegar styrkst jafnt og þétt síðustu misserin og er nú almennt afar góð,“ segir Guðmundur.

En þegar dró úr fundasókn, fækkaði einnig nýjum umsóknum um félagsaðild. Reglurnar á öðrum Norðurlöndum brugðust meðal annars við með þeim hætti að efla kynningarstarf.

„Við gerðum slíkt hið sama og settum saman sérstaka dagskrá fyrir slíka fundi þar sem flutt eru nokkur örstutt erindi um Regluna, þýðingu hennar, hugsjón og gildi, um Regluna í nútíma samfélagi, frímúrarastarf, siðakerfi, skipulag og góðgerðarmál, um helstu þætti í starfi stúkna og félagsstarfi bræðra og systra auk þess sem bróðir sem nýlega hefur gengið til liðs við Regluna lýsir stúkustarfinu frá sínum sjónarhóli og systir lýsir stúkustarfinu frá sjónarhóli maka og fjölskyldu. Á þessum fundum er einnig farið yfir það sem hafa ber í huga í sambandi við ósk um félagsaðild. Fundir af þessu tagi hafa verið haldnir fjórum sinnum í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði og þátttakan verið mjög góð.“

## Ný tækni og gömul

En það verður ekki rætt um útgáfu- og fræðslumál Reglunnar án þess að spyrja Guðmund út í tímarit og vef Reglunnar sem hvort tveggja eru burðarásar í starfseminni.

„Frímúrarinn hefur nú komið út í 20 ár og sannað gildi sitt svo um munar. Lengi tók útlit blaðsins ekki miklum breytingum en á síðasta ári hófst undirbúningur fyrir

aðlögun og uppfærslu í samræmi við þróun sambærilegra blaða hjá öðrum Reglum innan sænska kerfisins. Niðurstaða þeirrar vinnu leit dagsins ljós með útgáfu Frímúrarans í desember síðastliðnum. Viðbrögð bræðra voru almennt jákvæð en þó er eðlilegt að sitt sýnist hverjum og ákveðin gagnrýni kom einnig fram. Reynt verður að koma til móts við þær ábendingar sem borist hafa og sér þess raunar strax stað í þessu tölublaði,“ útskýrir Guðmundur.

Núverandi útgáfa vefsins leit dagsins ljós árið 2017 en töluverð uppfærsla var gerð á henni aftur 2022. Segir Guðmundur að hún hafi þó lotið fyrst og fremst að innri hluta hans, sem nefndur er bræðravefurinn.


„Um 70% allra bræðra hafa nú staðfest skráð aðgengi að vefnum og nýting hans staðfestir þýðingu vefsins fyrir bræður. Heimsóknafjöldi inn á vefinn eykst ár frá ári og var á síðasta ári (2023) sá mesti frá því að mælingar á honum hófust,“ segir Guðmundur.

Fyrirnefndar uppfærslur tóku bæði til hugbúnaðarlausna og framsetningarútlits. Síðasta starfsár var svo notað í vinnu við lagfæringar í tengslum við greiðslugátt og á ýmsum öðrum hnökrum sem komu upp samhliða uppfærslu. Þá var einnig bætt við eiginleikum í skráningarkerfi, sem auðveldar vinnu og utanumhald skráninga, að sögn Guðmundar.

„Á síðasta ári tók einnig til starfa sérlegur fréttastjóri vefsins, sem annast meðal annars fréttaskrif og samskipti við stúkur með það að leiðarljósi að efla fréttamiðlun frá stúkum sem starfa vítt og breitt um landið. Áfram verður unnið að því að bæta og efla vefinn með það að leiðarljósi að hann nýtist bræðrum og öllum starfseiningum Reglunnar eins vel og kostur er. Í raun er þetta viðvarandi verkefni,“ segir Guðmundur að lokum. ✨

## Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin



Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur





BÓKASAFNIÐ 100 ÁRA

# Síungur öldungur í reglustarfinu

Í ár fagnar bókasafn Frímúrarareglunnar á Íslandi 100 ára afmæli sínu. Upphafsaárið er miðað við þau tímamót þegar Guðmundur Loptsson var fyrstur skipaður bókaforður stúkunnar Eddu. Hann átti eftir að halda utan um bókasafnið í aldarfjórðung alls, fyrst á vegum Eddu en árið 1943 var hann skipaður yfirbókaforður Reglunnar og það sem áður var bókasafn Eddu varð bókasafn hennar. Núverandi bókaforður, Steingrímur B. Gunnarsson, var skipaður í embætti árið 2023 og Frímúrarinn ákvað að taka hann tali og ræða bókasafn Reglunnar í fortíð, nútíð og framtíð.

Aðspurður hvernig maður endar sem bókaforður Frímúrarareglunnar á Íslandi, svaraði hann: „Já, þú meinar? Ég var bókaforður Njarðar í Hafnarfirði, það er bókasafnsins í Ljósatröð en hvers vegna farið var fram á það við mig að ég tæki að mér starf bókaforðar Reglunnar, verður þú að spyrja einhvern annan en mig. En auðvitað reynir maður að sinna því sem maður er beðinn um, enda vissi ég að ég myndi njóta góðrar aðstoðar fyrri bókaforða, bæði Jóns Sævars Baldvínssonar og Trausta Laufdal Jónssonar. Og svo er maður ekki alveg einn. Með mér eru fjölmargir aðstoðarbókaverðir,

allt frábærir menn, margir með mikla reynslu sem hefur verið mjög gott að vinna með.”

## Tengir söfnin saman

Bókasafn Reglunnar er í Regluheimilinu í Reykjavík en síðan eru smærri bókasöfn á vegum stúkna um allt land. Hvernig er samskiði þarna á milli?

„Samkvæmt reglugerð um bókasafn Reglunnar ber bókaforðurinn ábyrgð á því gagnvart Fræðaráði auk þess sem hann hefur yfirumsjón með öllum öðrum bókasöfnum stúkna utan Regluheimilisins. Bókasafn Reglunnar er sérfræðibókasafn og um leið þjónustumiðstöð, bæði fyrir bræður á höfuðborgarsvæðinu en líka fyrir söfnin úti um landið. Bækur og erindi sem eru gefin út á vegum Reglunnar, til dæmis erindin sem eru flutt á Fræðaðingum fræðslunefndar, er dreift til allra bókasafnanna. En bókasöfnin úti á landi eru samt býsna sjálfstæð og stólmeistarar á hverjum stað skipa þar sína bókaverði. Þetta hefur virkað ágætlega eftir því sem ég best þekki til.”

↑ Steingrímur B. Gunnarsson, bókaforður.

Höfundur: Stefán Bogi Sveinsson  
Ljósmynd: Stefán E. Stefánsson

Ljósmynd: Helga Fletiz/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



## VIÐ HÖFUM STUTT VIÐ BAKIÐ Á ÖLDRUÐUM Í 70 ÁR

MEÐ PINNI HJÁLP HÖLDUM VIÐ ÓTRAUÐ ÁFRAM

Dregið alla fimmtudaga  
Vertu með á [das.is](http://das.is) | 561 7757



das  
HAPPDRÆTTI  
1954–2024

### Hvað er undir fótum hverju sinni?

Bókasöfnin skipa mjög veglegan sess í starfi frímúrara og Steingrímur er ekki í vafa um hvers vegna það er.

„Það má líkja veru okkar í Reglunni við fjallgöngu. Meðan þú ert á göngunni, þarftu fyrst og fremst að gefa gaum að því hvað er undir fótum þér í hverju skrefi. Maður sér bara grjótið undir fótum sér. Það er ekki fyrir en þú staldrar við og lítur upp að landslagið blasir við þér í heild sinni. Bókasöfnin eru vettvangur frímúrara til að gera þetta. Líta upp, horfa yfir og skynja heildarsamhengi hlutanna. Á fundunum sjálfum er maður kannski meira að horfa rétt fram fyrir tærnar á sér.

**Í einni af þeim bókum Frímúrarareglunnar sem bræðrum er ætlað að kynna sér eftir inngöngu þeirra, er u.þ.b. 70% af efninu, efni sem ekki kemur fram á sjálfum fundunum.**

Ekki síst þess vegna er svo mikilvægt að sækja sér þessa stærri mynd, til ígrundunar og skilnings.

Maður öðlast betri forsendur til þess að vinna úr því sem fundirnir færa okkur með því að lesa sér til. Þetta verður líka svo skýrt þegar maður skoðar söguna. Um leið og Edda er stofnuð fara bræðurnir að hittast utan stúkufunda til að lesa. Þeir fundu að það var nauðsynlegt og það er svo út frá því sem bókasafnið verður til.”

Á tímum þar sem stöðugt er rætt um minnkandi lesskilning og að bókasöfn almennt séu í tilvistarkreppu með tilkomu nýrra miðla, hvernig gengur Reglunni að hvetja bræðurna til þess að lesa?

### Mikil aðsókn

„Bræður eru duglegir að sækja bókasöfnin. Í Regluheimilinu er bókasafnið opið fjórum sinnum í viku, fullt út úr dyrum á sunnudögum, aðeins misjafnt á virkum dögum en það er alltaf mjög góð mæting. Til dæmis voru 1.565 heimsóknir skráðar á lesfundi bókasafnsins á síðasta starfsári.“

Eru þetta alltaf sömu bræðurnir sem sækja lesfundi?  
„Það má segja að þeir sem sækja lesfundina skiptist í tvo hópa: Þeir sem mæta og lesa sér til undirbúnings þegar á þarf að halda. Og svo eru aðrir sem mæta reglulega yfir allan veturinn. Það hafa vitaskuld ekki allir tíma eða tækifæri, en margir setja þetta framarlega í forgangs röðina.

Við eigum líka nóg af góðu efni, á annað þúsund erinda eru til dæmis til á bókasafninu í Regluheimilinu og alltaf er meira að bætast við. Það hafa yfir tvö hundruð erindi verið gefin út síðustu tíu árin og þessum erindum dreifum við til bókasafnanna um land allt eins og ég nefndi hérna áðan. Eldri fræðsluerindin halda líka sínu gildi. Þeir sem skrifuðu þau, jafnvel fyrir mörgum áratugum, elstu erindin eru frá fyrstu upphafsárum Eddu – fyrir 100 árum! ...voru að hugsa alveg eins og við. Þeir voru að velta sömu hlutum fyrir sér. Í dag eru enn fleiri bræður að skrifa og flytja erindi. Þannig víkkar sjóndeildarhringurinn og fleiri sjónarhorn komast að.”

### Megináherslan á lesturinn

Bókasöfn hafa víða orðið vettvangur fyrir fjölbreyttari starfsemi og ýmsa viðburði. Er það þróun sem má sjá fyrir sér að verði einnig á bókasöfnum frímúrara?

„Kannski. Þetta mótast auðvitað svolítið á hverjum stað, en megináherslan hjá okkur er samt alltaf á lesturinn. Okkar reynsla er að gestir bókasafnsins vilja fyrst og fremst frið til að lesa.

Opnunartími bókasafnanna er yfirleitt ein og hálf klukkustund í senn, það er takmarkaður tími, þannig að það besta sem við getum gert er að bjóða upp á næði. Þessu til viðbótar langar mig að segja að bókaverðir í Ljósatröð hafa staðið í mörg ár fyrir fyrirlesturum bæði um frímúrararfræði en einnig um almenn málefni lídandi stundar.“

### Hljóðbækurnar eru nýjung

„Ein nýjung bættist við í safnkost bókasafnsins í fyrra. Fyrstu stigbækurnar eru komnar á hljóðbók. Bræður geta, eins og aðrir, glímt við sjóndepru eða lesörðugleika. Þess vegna var sérstakur starfshópur skipaður af Fræðaráði til þess að finna út hvort eða hvernig við gætum tekið hljóðbækur í notkun. Það tók svolítinn tíma að finna út hvernig hægt væri að gera það því eins og við vitum er mest allt lesefnið okkar trúnaðarmál. En á endanum fundum við tæki sem er án WiFi og Bluetooth-tengimöguleika og það hentar okkur ágætlega.”

### Stór viðburður 24. ágúst

Það líður að lokum spjallsins við Steingrím, en áður en honum er sleppt er rétt að spyrja hann aðeins út í hvað sé fram undan.

„Fyrir utan viðburði í tengslum við afmælishaldið eins og Safnadaginn, sem nefnist *Frímúrarareglan, söfn og saga*, sem haldinn verður þann 24. ágúst næstkomandi þar sem öll söfn Reglunnar sýna bræðrum og almenningi ýmsa merka safngripi, eru aðstöðumálin helst á döfinni. Við erum nú í sumar að fá bætt hljóðvist á safninu með nýjum hljóðeinangrandi vegg sem verið er að setja upp á milli Bókasafnsins og Bræðrastofunnar. Þegar hann er kominn upp fáum við betra næði fyrir þá sem eru að lesa.

En stærsta verkefnið til framtíðar litið er þó að fá nýtt bókasafnskerfi með sameiginlega bókaskrá allra bókasafnanna. Núverandi bókasafnskerfi er komið mjög til ára sinna og fær ekkert viðhald framleiðandans, svo þörfin er orðin mjög brýn.

Annað sem er framundan er að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið hér á bókasafninu síðustu 100 árin. Að miðla bræðrum fræðslu og veita þeim aðgang að ritum um Frímúrararegluna og störf hennar og annað efni sem er bræðrunum til fróðleiks, því sá sem ætlar að tileinka sér þekkingu og eignast hlutdeild í þeim fjársjóði sem Frímúrarareglan hefur að geyma, er lestur á bókasafninu jafn ómissandi og sjálfir fundirnir.” ✨



**HÓTEL REYKJAVÍK GRAND  
FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU-  
OG FUNDARAÐSTAÐA**

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M<sup>2</sup> BREIÐTJALD

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND  
KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ  
islandshotel.is/fundir | fundir@islandshotel.is



FRÍMÚRARAREGLAN – SÖFN OG SAGA

## Opið hús á Menningarnótt 24. ágúst 2024

Í haust verða liðin 100 ár frá því bókasafn Frímúrara-reglunnar á Íslandi, tók formlega til starfa. Í tilefni þessara tímamóta ákváðu söfn hennar að efna til *safnadags* undir þessu heiti, með *opnu húsi* á Menningarnótt 24. ágúst 2024.

Gestum og gangandi er boðið í heimsókn í Frímúrarahúsið að Bríetartúni 3, Reykjavík, til að skoða húsakynninn og muni í eigu safnanna.

**Regluheimilið verður opið fyrir almenning, laugardaginn 24. ágúst frá kl. 11:00 til 15:00.**

BÓKASAFN – MINJASAFN – LJÓSMYNDASAFN – SKJALASAFN – TÓNLISTARSAFN



# 440 ára gömul bók bókanna

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson

Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson



Hann hefur ábyggilega verið lúinn en glaður, biskupinn Guðbrandur Þorláksson, þegar hann stóð upp frá verki sínu laugardaginn 21. apríl 1584. Þann dag lauk prentun á fyrstu heildarútgáfu Biblíunnar á íslensku. Bókin var prentuð í 500 eintökum og talið er að það hafi tekið sjö menn allt að tvö ár að ljúka vinnunni. Er þá ótalin sú vinna sem fólst í að snúa hinum helga texta yfir á íslensku. Hefur það verið ofvaxið verkefni, ekki síst vegna þess að í mörgum tilvikum þurfti að smíða ný orð yfir hugtök sem enn voru framandi í landi sem þó hafði talist kristið í meira en fimm aldir.

Þótt prentstarfinu hafi lokið í apríl fyrrnefnt ár tók það ár til viðbótar að koma hinu mikla verki í band en biblían var 1.254 blaðsíður og í svokölluðu fólíó-broti, eða arkarstærð. Nærri lætur að það sé jafnstórt A3-blaði. Fyrsta íslenska biblían var því allt annað en vasabrotsbók. Var hún enda fyrst og fremst hugsuð til notkunar í helgihaldi í kirkjum landsins. Prentuð í 500 eintökum og var kirkjum skylt að komast yfir hana. Var það ekkert áhlaupsverk þar sem hún kostaði 8 til 12 ríkisdali og jafngilti það um tveimur til þremur kírverðum á þeim tíma.

## Öflugt teymi þýðenda

Guðbrandur vann að þýðingarstarfinu sjálfur en hafði sér til fulltingis öfluga guðfræðinga á borð við Gissur Einarsson, Gísla Jónsson og Ólaf Hjaltason. Þá byggði vinna þeirra og útgáfa einnig á hinu mikla afreki Odds Gottskálkssonar sem þýtt hafði Nýja testamentið áratugum fyrr. Það kom út í Hróarskeldu árið 1540. Er sú bók sú fyrsta sem prentuð var á íslensku.

Færa má gild rök fyrir því að útgáfa Biblíunnar árið 1584 sé eitt mikilvægasta framlagið til varðveislu og mótunar íslenskrar tungu fyrr og síðar. Hægt er að setja afrek biskups og samverkamanna hans í alþjóðlegt samhengi því íslenskan var 20. þjóðtungan sem Biblían var þýdd á. Verður það að teljast einstakt afrek í ljósi þess að Íslendingar voru aðeins um 50 þúsund talsins á sextánda öldinni og kostur fólks almennt afar rýr í öllum samanburði. Þá má einnig nefna að samkvæmt Wycliffe biblíustofnuninni hefur Biblían nú, 440 árum eftir útgáfu Guðbrandsbiblíu, verið þýdd í heild á tæplega 740 tungumál.



Við erum  
öll í þessu  
saman



LEIKURINN OKKAR



↑ Guðbrandur Þorláksson biskup. Sat á stóli í 56 ár, lengur en nokkur annar fyrr eða síðar.

↓ Prentverkið er listrænt. Hér má sjá á hægri síðu upphaf Jóhannesargudspjalls ásamt myndskreytingu.

### Eintak Reglunnar


Áður hefur á vettvangi Frímúrarans verið fjallað um Guðbrandsbiblíu þá sem er í eigu stúkunnar Eddu. Það var í öðru tölublaði ársins 2009. Þar fjallaði br. Höskuldur Höskuldsson um bókina og rifjaði m.a. upp með hvaða hætti þessi dýrgripur rataði til Reglunnar. Þar segir meðal annars:

„Guðbrandsbiblían „okkar,“ sem prentuð var og gefin út árið 1584, er gjöf Gunnlaugs Einarssonar læknis frá Eiríksstöðum á Jökuldal til St. Jóh.st. Eddu. Br. Ársæll Árnason bókbindari batt bókina inn í brúnt maroccin-skinn, handgyllt eftir eigin teikningu og gaf hann bandið.“

Gjöf Gunnlaugs barst Eddu 25. október 1923, þegar stúkan hafði starfað sem fullgild St. Jóhannesarstúka í tæp fimm ár. Ársæll batt verkið inn fjórum árum síðar og tileinkaði þá vinnu Agli Jacobsen, kaupmanni sem var einn af burðarásum bræðrahópsins sem ýtti frímúrarastarfi úr vör hér á landi. Hann lést í október 1926.

Gunnlaugur settir þrjú skilyrði fyrir gjöfinni, sem var ættargripur úr fjölskyldu hans. Í fyrsta lagi að stúkan gætti hennar vel. Í öðru lagi að bókin yrði ævarandi eign stúkunnar og ekki látin öðrum í té. Í þriðja lagi að bókin gengi til Þjóðminjasafnsins ef stúkan eða Reglan yrði leyst upp.

Í fyrrnefndri grein Höskuldur er minnst á að eintak Reglunnar sé ekki síst merkilegt fyrir þá staðreynd að á titilsíðu þess má sjá eiginhandaráritun Guðbrands biskups. Í greininni er þó ekki nánar fjallað um hvað biskup ritaði á eintakið.



↑ Áletrunin í eintaki Reglunnar er frá Guðbrandi komin. Er hún einstök fyrir það hversu persónuleg hún er og lýsir þeim hug sem biskup bar til þess er þáði Biblíuna.

Frímúrarinn hefur nú leitað í til sérfræðinga Árnastofnunar, sem sérhæfðir eru í að lesa í skrif af þessu tagi, sem eru ógreinileg og tímans tönn hefur unnið á.

Í svari dr. Hauks Þorgeirssonar rannsóknarprófessors segir um áritunina að hún útleggist með nútímastafsetningu á þennan veg:

**„Heiðursamlegum, frómu og guðhræddum manni, Gunnari Gíslasyni, mínum góðum vin í drottinni, hef eg þessa Biblíu gefið og fengið til einnar ævinlegrar minningar, biðjandi guð drottinn að hans nafni verði til lofs og dýrðar en áður nefndum góðum vin til gagns og [...] viðurkenningar í drottinni.“**

Hornklofinn stendur þar sem finna má orð sem ekki tókst að ráða í. Bendir Haukur á að með sérstökum ljósmyndabúnaði mætti leysa ráðgátuna. Það bíður betri tíma.

### Hver var þessi Gunnar Gíslason?

Sá er þáði biblíuna úr hendi biskups hét, eins og hér að ofan kemur fram, Gunnar Gíslason og þar er vísað til þess manns sem um hríð gegndi hlutverki ráðsmanns á Hólum hjá Guðbrandi. Gjöfin kom þó til löngu eftir að því samstarfi lauk. Á þeim tíma er prentun Guðbrandsbiblíu lauk og allt fram að andláti Gunnars 1605 (hann var fæddur 1528) sat hann sem bóndi á Víðivöllum í Blönduhlíð. Hann var merkismaður og sat meðal annars í Lögréttu. Í 13 ár var hann klausturhaldari á Reynistað, eða allt frá andláti Odds Gottskálkssonar, þýðanda Nýja testamentisins, 1556 til 1569. ✱



### Átta af hverjum tíu hafa glatast

Af þeim 500 eintökum sem prentuð voru af Guðbrandsbiblíu á sínum tíma má gera ráð fyrir að um 400 séu glataðar að öllu eða mestu leyti. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson hélt lengi vel saman lista yfir þekkt eintök af biblíunni en að honum gengnum hefur hinn mikilvirki bókasafnari, Sveinbjörn Blöndal, haldið merkinu á lofti. Telur hann að tæplega 40 eintök séu staðsett hér á landi en um 60 eintök séu í eigu bókasafna erlendis. Þannig eru varðveitt eintök við hinar merku háskólastofnanir í Bretlandi, Oxford- og Cambridge-háskóla og einnig í Harvard-háskóla í Massachusetts. Þá er eitt besta eintakið sem varðveist hefur í hinu magnaða Fiske-safni við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum. Það er stærsta safn íslenskra bóka utan Norðurlanda.

Nýverið gerði Sveinbjörn úttekt á eintakinu sem er í eigu Frímúrarareglunnar en enginn Íslendingur hefur skoðað jafn mörg eintök af Guðbrandsbiblíu og hann. Um eintakið hefur hann þetta að segja:

„Eintak Frímúrarareglunnar af Guðbrandsbiblíunni er einstakt meðal allra varðveittra eintaka af þessari merku bók. Í fyrsta lagi er áletrun Guðbrands á titilblaðinu til Gunnars Gíslasonar, fyrsta ráðsmanns hans á Hólum, persónulegri en á öðrum eintökum sem hann hefur áritað. Hér sendir biskup „godum vin“ sínum biblíuna að gjöf. Gunnar var greinilega í miklum metum hjá biskupi, sem sést best á því að Guðbrandur tileinkar honum fyrstu bókina sem biskup þýðir og lætur prenta árið 1575 á Hólum, Lífsins veg, eftir Niels Hemmingsen, kennara biskups í Kaupmannahöfn. Í öðru lagi er band Ársæls Árnasonar á bókinni glæsilegra en á nokkru öðru eintaki af Guðbrandsbiblíunni í nútímabandi. Ársæll var mjög listrænn bókbindari, og hér er hann upp á sitt allra besta. Á sama tíma og bókin hefur verið klædd í þennan glæsilega búning þá hafa nokkur trosnuð blöð fremst og aftast í bókinni verið viðgerð, og á fáeinum þeirra hefur prent skaddast; þetta eru eðlileg örlög bókar sem hefur verið notuð í aldir.“

# Fundað í geislum nýárssólar

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson  
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Að vanda kom mikið fjölmenni saman á Regluhátíð 2024 sem fram fór 13. janúar sl. Er það jafnan fjölmennasti fundur ársins enda sá eini sem Landsstúkan stendur fyrir og haldinn er á 1<sup>o</sup> reglukerfisins.

451 bróðir sóttu fundinn en þar af voru 22 erlendir gestir frá 11 þjóðlöndum. Kristján Þórðarson, stórmeistari Reglunnar, stýrði fundi og gerði þar meðal annars Daniel Bauwens, stórmeistara Frímúrarareglunnar í Belgíu (Grande Loge Régulière de Belgique), að heiðursfélaga Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Þá sæmdi hann fjóra íslenska bræður heiðursmerki Reglunnar. Það eru þeir Arnar Hauksson í Eddu, Gunnar Gunnarsson í Gimli, Ásmundur Svanberg Jónsson í Hamri og Ólafur Vigfússon í Mími.

Hátíðin í ár einkenndist eins og oftast áður af mikilli tónlist og söng. Eftirminnilegur var söngur Ívars Helgasonar og hljóðfæraleikur Hjörleifs Valssonar og Jónasar Þóris Þórissonar, kantors Reglunnar, undir borðhaldi. ✨



↑ Eins og sjá má var mikil gleði meðal bræðra á þessum fjölmennasta fundi ársins.

← Þeir fjórir bræður sem sæmdir voru heiðursmerki Reglunnar, ásamt SMR. F.v. Arnar Hauksson, Gunnar Gunnarsson, Kristján Þórðarson SMR, Ásmundur Svanberg Jónsson og Ólafur Vigfússon.

→ 22 erlendir gestir, frá 11 þjóðlöndum, sóttu fundinn. Hér með R&K Reglunnar.

## Starfsmerki stólmeistara

Á Regluhátíð 2024 tilkynnti SMR Kristján Þórðarson um nýtt starfsmerki stólmeistara og afhenti við sama tækifæri sitjandi stólmeisturum merkið. Nýja starfsmerkið er borið á hægri boðung jakkans og einkennir embættið þannig á virðulegan og um leið látlausan máta. Það sýnir hornmát og hringfrara, sem hangir í borða lituðum eftir því stúkustigi sem embættismaðurinn stýrir. Blár með gulum köntum fyrir St. Jóhannesarstúkur, rauður fyrir St. Andrésarstúkur og purpuralitaður fyrir Kapítula.

Stólmeistari stúknanna er stórt og mikilvægt embætti, eins og frímúrarar þekkja vel. Fram til þessa hafa einungis fyrrverandi stólmeistarar borið merki í jökkum sínum, en starfandi stólmeistarar ekki verið sérstaklega merktir. Merkið er því kærkomin viðbót og á sinn hlut í að hefja þetta mikilvæga embætti upp á sinn réttmæta stall.



# Að heiðra höfund sinn

KRISTJÁN BJÖRNSSON

Þegar starfið er unnið í stúku og reglu er slegið á nokkra tóna sem þagna dálítið yfir sumarið. Þá erum við að hlaða batterí okkar og njóta tíma á ferð og flugi með fjölskyldu og vinum. Á ferð um landið okkar og önnur lönd kemur það oft fyrir að við lítum til hárra fjalla og mærum tind og hlíð fyrir fegurð og glæsileik en stundum fyrir bratta sinn og hrikaleik. Ýmist í fjarska eða nær og stundum á miðri leið upp brekkur. Kemur þá oft Fjallganga eftir Tómas Guðmundsson upp í huga minn því hann lýsir svo vel þeirri urð og því grjóti sem skriðan geymir og svo er það kletturinn sem hann skrýður. Það er ekki gott að hrufla sig á hverjum steini en þetta er yrkisefni Tómasar. Auðvitað er þessi saga hans sögð í gamni en á bak við það er alvara lífsins. Lífið er ekki alltaf stím á lygnum sjó. Það getur verið at og oft miðar okkur fram þótt við sígum aftur og aftur ögn til baka. Svona er jú lífið skapað og okkur áskapað að þurfa stundum að taka því að renna í spori. Gangan er þó áfram veginn og þar er ljós af næstu áningu og það er sannleikurinn um lífið. Náttúruundri er oft líkt við smíðagrip og meistaraverk skaparans. Himinsmiðurinn er alltaf að því hann má til með að búa til næsta dag fyrir okkur að njóta eða öllu heldur til að við getum notið þess er hann hefur gert sem höfundur lífins, tilverunnar og allrar umgjardar hennar í náttúrunni og samfélagi okkar.

Í afar fallegum sálmi Karls biskups Sigurbjörnssonar, sem ég minnst núna í þökk, kemur þessi kenning um smiðinn að tilverunni afar fallega fram:

*Himinn, jörð og hafíð bláa,  
hæstu tré og blómið smáa  
heiðra höfund sinn.*

Hið skapaða heiðrar höfund sinn. Heiðrar smiðinn sem gerir þetta allt með himni og jörð og plöntum og skrúði, dýrum og fólki og öllu þarna á milli. Við eigum þetta stef í hugsun frímúrara því við erum nokkurs konar iðnaðarmenn í læri hjá meistara okkar og höfundi allra verka.

Sumarið er sá tími í lífi okkar í Reglunni að njóta þessara myndabrotu sem við sjáum af öllu verki Guðs úti í náttúrunni og í sumarleyfinu sem slíku. Það er verkefni sumarsins að nýta það vel í næði og koma endurnærðir til verka með háttbundnu lagi í haust.

Við heiðrum höfundinn einnig með því að koma til kirkju og sækja í helgistaði úti eða inni þar sem við blómin smáu og tréin háu erum táknuð með byggingum og súlum og myndum og flúri, öllu því sem minnr okkur á hvert

**BISAZZA**  
MOSAICO





## ÞJÓNUSTA VIÐ RANNSÓKNARSTOFUR Á HEILBRIGÐISSVIÐI



← ÆKR Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti  
Ljósmynd: Jón Páll Valdimarsson.

↑ Himinn, jörð og blómin smáu umkringja Búðakirkju  
Ljósmynd: Shutterstock / Pakorn Chunhaswasdikul.

dýrkuninni er snúið. Eða hvert við eigum að snúa okkur er við látum aðdáun okkar í ljós. Matthías á Sigurhæðum sá mestu fegurð og allra mesta máttinn í einu ungbarnstári á kinn. Það má vera smátt sem birtir samt mátt þessa Guðs sem við trúum á. Í einu ungbarnstári speglast allur máttur lífsins á jörðunni. Og þegar ég sé mynd í spegli á ég það til að líta í hina áttina til sjá það sem spegillinn speglar. Sjái ég mynd í spegli sný ég mér við til að sjá sjálfa myndina. Það gerum við öll að einhverju marki. Þannig verður þá til seinni hluti af þessu versni Karls biskups, þess góða kennimanns og trúmanns:

*Eins lát sál og öndu mína  
ætíð vitna' um gæsku þína:  
Dýrð þér, Drottinn minn.*

Sjái ég fjallsbrúnina speglast í vatninu lít ég upp á sjálfan tindinn. Þá hef ég augu mín til fjallanna. Það er ef til vill vegna þess að þaðan kemur mér alltaf hjálp úr þeim háleita stað þaðan sem dýrðin steymir frá höfundu tilverunnar. Lífið okkar vitnar um þessa gæsku einsog mynd hins hæsta í huga okkar vitnar um þann sem er yfir öllu og veitir okkur hlutdeild í sigri lífsins. Það er einhvern veginn þarna sem starfið í Reglunni mætir fagnaðarerindi kristinnar kirkju. Þess vegna má það aldrei slítna að hvar sem við erum í

kirkjudeild eða hvar sem okkar Kristur er í lífi okkar að þá erum við að þjóna tilveru þeirrar trúar. Og þjóna að friði og elsku sem svari við öllum ófriði eða ógnum, svar við því að við rennum í skriðunni hans Tómasar. Og þá fær sumarsálmur Karls biskups nýja merkingu rétt einsog það væri nýjanál í túni, ný sköpun þessa höfundar allra gjafa lífsins til líknar og styrktar í hverju sem mætir:

*Þú Guð, sem sumar gefur jörð  
og gleði barna þinna,  
gef allri þinni eignarhjörð  
þá elsku' og gleði' að finna  
og lúta þér í lotning, trú,  
að lífi öllu hlúa,  
sem systkin saman búa.*

Komum endurnærðir eftir gjafir sumarsins og tókum til starfa í mikilvægum verkefnum okkar og þjónustu á öllum stigum tilverunnar í reglulegu starfi okkar, innan Reglunnar og fyrir kristin gildi úti í samfélaginu. Heiðrum höfundinn sem við sjáum speglast í þessu öllu, stóru og smáu. ✨

# Fenrir á ferð

Höfundar: Atli Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir  
Ljósmyndir: Jóhanna S. Rúnarsdóttir og Atli Vilhjálmsson.



↑ Vigalegir Fenrisbræður á leið til fundar í sumarblíðunni.

Árleg Jónsmessuferð Fenris á Jónsmessufundi hafa ávallt verið mjög vinsælar meðal félagsmanna Fenris en þá hjólum við á mótörhjólunum á fundi hjá Njálu á Ísafirði eða Rún á Akureyri. Fenrir hefur skipulagt þessar ferðir og oftast er gíst í þrjár nætur.

Klúbburinn hefur vakið mikla athygli innan Reglunnar og gaman að sjá hversu margir Fenris-bræður mæta á Jónsmessufundi. Þátttakan er ekki bundin við bræður sem mæta á hjólum á fundina.

Ferðirnar eru líka ávallt skemmtilegar og efla gott bræðra- og systrapel sem gerir þennan félagsskap svo skemmtilegan.

24 þátttakendur á 12 hjólum voru skráðir í Jónsmessuferðina og nokkrir á bílum. Veðrið var margbreytilegt, allt frá rigningu, roki og sól en lægsti hitinn var 3,5° og hæsti 16,5°. Veðrið stoppar okkur ekki í að hjóla saman á þessa fundi.

Í ár var Jónsmessuferðin með nokkuð öðru sniði en venjulega þar sem margir ákváðu að fara fyrst á eigin vegum á fund hjá Njálu sem hélt hann föstudaginn 21. júní en svo með klúbbnum á fund hjá Rún sem heldur sína fundi ávallt á sjálfri Jónsmessunni, sem er 24. júní. Jónsmessufundur á Ísafirði var ekki skipulagður af Fenri þar sem erfitt er að fá gistingu fyrir svo stóran hóp í bænum á þessum tíma.

Vesturfara gistu í tvær nætur á Ísafirði en 14 manns á níu hjólum fóru vestur á fimmtudegi. Veðrið lék við okkur þennan dag en ávallt er gaman að hjóla í góðu veðri og skoða sig um.

## Frá Ísafirði í Varmahlíð

Farið var frá Ísafirði laugardaginn 22. júní í grenjandi rigningu og 3,5° hita. Stefnan var á Varmahlíð þar sem við hittum þann hluta af Jónsmessuförum sem ekki komu á Ísafjörð. Þrjú hjól fóru í samfloti úr bænum og beint í Varmahlíð

en við gistum eina nótt á Hótel Varmahlíð og áttum góða kvöldstund með góðu fólki eftir langan hjóladag frá Ísafirði eða 525 km. Það voru hins vegar tvö hjól sem héldu áfram á Akureyri. Það var því langur hjóladagur hjá þeim.

## Úr Skagafirði til Akureyrar

Hópurinn gisti tvær nætur í Sæluhúsum á Akureyri en hefð hefur verið fyrir því undanfarin ár og gott að dvelja þar.

Frá Varmahlíð var stefnan tekin á Siglufjörð, áleiðis til Akureyrar. Við sluppum við rigningu en það var kalt á köflum og 6° hiti. Farið var um Strákagöng en þegar rennt var inn á Siglufjörð um hádegisd lét sólin sjá sig og hitinn í 11,5°, hvað annað! Margir fengu sér hlaðborð á Rauðku og aðrir nutu sólar. Á Ólafsfirði kíktum við á Fuglasafn í Pálshúsi en það var virkilega gaman að skoða.




# TÖLUM UM FORYSTU

## RX 450h+ Plug-in Hybrid

Þessi einstaki lúxussportjeppi hrífur þig strax við fyrstu kynni, enda hannaður til að skera sig úr og taka forystu.

Komdu í Kaupþúnið - þín bíður óviðjafnanleg akstursupplifun!



# Aðventuhátíð í Riga

4 - 8 Desember

Yfir Jóláhátíðina í Riga má finna tilkomumikil og fallega skreytt tré um alla borgina og mikið lagt í að skreytingarnar séu eins fallegar og völ er á.

Aðventan er frábær tími til að heimsækja þessa skemmtilegu borg, skreytingarnar og miðaldarlegur arkitektúrinn umbreyta henni í sannkallaða Jólaparadís.

Verð frá 124.900kr.

Innifalið: Flug, skattar, keyrsla og 4★ hótél með morgunverði.



TRANSATLANTIC.IS  
info@transatlantic.is



588 8900

## Georgía - Vagga Vínmenningar 6 - 16 September

Í þessari einstöku ferð eru öll mikilvægustu víngerðarsvæði Georgíu heimsótt í fylgd sérfræðings í georgískum vínunum.

Við fræðumst um víngerðarsöguna auk þess að smakka fjölbreytt og spennandi úrval vína. Við kynnumst einstakri matarmenningu landsins þar sem austur, vestur, suður og norður mætast á miðri Silkileiðinni.



## Sameinuðu Arabísku Furstadæmin & Oman Október 2025

Stórfenglegar byggingar - hallir, virki og moskur eins og í Þúsund og Einni Nótt. Ferðumst inn í eyðimörkina, heimsækjum spennandi markaði og hittum heimamenn.

Þessi ferð kynnir okkur fyrir menningarheimi fyrri alda og einu tæknivæddasta og efnaðasta þjóðfélagi heimsins í ævintýraferð sem gleymist aldrei.



## Mexíkó, Belís & Gvatemala Á Slóðum Mayanna | 5 - 19 Febrúar

Ævintýrlegur menningarheimur Mayanna, framandi dýralíf og stórbrotin náttúra í ferð um Mexíkó, Belís og Gvatemala.

Pýramíðarnir í Tulum, Palenque fornleifasvæðið, annað stærsta kóralrif heims og stórfengleg flóra regnskóganna eru einungis hluti af upplifunum ferðarinnar.



Það mætti okkur hitabylgja þegar við nálgumst Akureyri en hitinn fór í 16,5°, já í alvöru en það gerist ekki betra.

Hefð hefur verið fyrir sameiginlegu grilli í svokölluðum „Hrútakofa“ í Sæluhúsum, það er þar sem eingöngu bræður eru saman í húsi en þá sér Fenrir um að kaupa á grillið. Margar hendur vinna létt verk og hjálpast að við að grilla og undirbúa. 28 manns komu í sameiginlegt grill en við vorum með nokkra gesti sem voru með okkur í ár. Stundum er kvöldvaka en Hermann Jakobsson er tiltækur á gítarinn og tekið var undir í fjöldsöng með honum. Reyndist það frábær endir á góðum degi.

### Jónsmessan

Fenri tókst loksins að hjóla Demantshringinn í fjórðu tilraun á jafn mörgum árum eða 300 kílómetra. Demantshringurinn liggur um Goðafoss, Mývatn, Dettifoss, Ásbyrgi og Húsavík.

Á ferðinni var hitastigið á bilinu 11° til 14° og bjart á köflum en við lögðum af stað klukkan níu og komum til baka inn á Akureyri um þrjú síðdegis svo bræður gætu farið í heitan pott og fordrykk fyrir fund. Það voru ekki tekin löng stöpp á Demantshringnum en við stoppuðum þó við nýjan útsýnisstað við Langavatnshöfða og svo við Botnsvatn í Ásbyrgi.

Fenris-systur fóru saman í Skógarböðin og út að borða á Strikinum meðan bræður fóru fund en þeir skiluðu sé svo í hús frekar seint í ár þar sem þátttaka á Jónsmessufundinum var mjög mikil.

### Heimferðardagur

Á heimferðardegi var byrjað á því að fara í morgunmat hjá heiðurshjónunum Valgerði Ólafsdóttur og Jóni Þór Hannessyni á Sólvangi í Svalbarðsstrandarsýslu. Alltaf glæsilegar móttökur og hlaðborð hjá þeim hjónum.

Við fengum ekki gott hjólaveður í bæinn en það var rigning á köflum og hvasst á Holtavörðuheidiinni eða 17-20 metrar á sekúndu.

Við vorum ekki sátt við öikumenn á leiðinni í bæinn en nokkuð bar á því að bílar hreinlega svínuðu fyrir hópinn og litlu mátti muna að það ylli slysi. Það þarf alltaf að hafa alla athygli í lagi við hópakstur. Við þökkum fyrir að engin slys eða óhöpp hafi komið upp í þessari ferð og allir komust heilu og höldnu til síns heima.

Fenrir þakkar ferðafélögum fyrir góða samveru og þeim sem aðstoðuðu við að koma þessu öllu saman. ✨



VIÐBURÐUR

# Stórhátíð meðal bræðranna

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson  
Ljósmyndir: Jón Svavarsson



Boðað var til árlegrar stórhátíðar Landsstúkunnar þann 21. mars síðastliðinn. Fundurinn var haldinn á fimmtudegi eins og jafnan á vettvangi hennar en miðað er við að hann beri upp á þeim vikudegi sem næst vorjafndægri. Það er dagur hins mikla jafnvægis ljóss og skugga.

Á jafndrægri, sem skapast tvisvar á ári, er sól beint yfir miðbaug jarðar. Við þau skilyrði eru dagur og nótt álíka löng um veröld víða og minna í mörgu á hendinguna: „Lífið bæði og lánið er valt, ljós og skuggi vega salt.“

Stórhátíð er alltaf vel sótt af þeim bræðrum sem náð hafa VIII° og í ár var engin breyting þar á. Ríflega 270 bræður fylltu húsakynni Reglunnar við Brietartún.

Umgjörð stórhátíðar er öll hin glæsilegasta og fundarstörf í föstum skorðum. Þar gerði stórriddari, Eiríkur Finnur Greipsson, grein fyrir starfi Landsstúkunnar á liðnu starfsári og þá greindi fráfarandi féhirðir Reglunnar, Þorsteinn G. A. Guðnason, frá fjárhagsmálefnum hennar. Nýskipaður staðgengill æðsta kennimanns Reglunnar, sr. Bragi J. Ingibergsson, flutti einnig hugvekju sem vakti verðskuldaða athygli. Tónlistin var á sínum stað að vanda þar sem fagrir tónar og söngur fylltu salarkynnin öll.

Á stórhátíð er venjan að stórmeistari upplýsi um embættisskipan Landsstúkunnar og breytingar á henni frá liðnu starfsári. Nú bar svo við að þrír bræður hlutu stig R&K en það voru þeir Stefán Snær Konráðsson sem tekið hefur verið embætti féhirðis, sr. Haraldur M. Kristjánsson sem tekið hefur við embætti stórkennimanns og Hreggviður Daníelsson sem gegnir nú embætti stórsiðameistara.

Þessar ráðstafanir hefur stórmeistari gert í kjölfar þess að Þorsteinn G. A. Guðnason var skipaður innsigliðsvörður Reglunnar en hann tekur við því embætti af Kristjáni Jóhannssyni sem látið hefur af embætti að eigin

↑ Kristján Þórðarson, stórmeistari Reglunnar, ávarpar bræðrahópinn yfir borðhaldi.



↑ Æðstaráð Frímúrarareglunnar á Íslandi, eftir kynntar breytingar á Stórhátíð 2024.



ósk. Sr. Haraldur tekur við af sr. Braga J. Ingibergssyni sem tekið hefur við embætti staðgengils æðsta kennimanns, eins og áður segir, af sr. Kjartani Erni Sigurbjörnssyni sem látið hefur af embætti að eigin ósk. Þá tekur Hreggviður við siðameistaraembættinu af Snorra Magnússyni sem líkt og Stefán Snær tekur sæti í Æðstaráði Reglunnar. Hann er nú stallari Reglunnar og tekur við af Guðmundi Guðmundssyni sem látið hefur af embætti að eigin ósk.

Um aðrar breytingar á embættisskipan Landsstúkunnar er fjallað á síðu 34, í blaðinu. ✨





# ÞETTA ER ÞINN TÍMI!



NJÓTTU HVERRAR MÍNÚTU!

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.jswatch.com



## Stefán Snær Konráðsson

Á Stórhátíð Reglunnar 2024 hlaut Stefán Snær Konráðsson stig R&K.

Stefán er fæddur árið 1958, sonur kennaranna Konráðs Péturssonar og Erlu Stefánsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá MK árið 1979, íþróttakennaraprófi frá KHÍ 1982 og BSc-prófi í Íþróttastjórnunarfræði frá Íþróttaháskólanum í Osló 1988. Þá hefur hann lokið fjölda námskeiða tengdum rekstri fyrirtækja og fjármálum hérlendis og erlendis.

Stefán hefur lengi starfað innan íþróttahreyfingarinnar, lengst af sem framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og einnig sem formaður Íþróttanefndar ríkisins. Undanfarin 17 ár hefur hann gegnt starfi framkvæmdastjóra Getspár – Getrauna.

Stefán gekk í Fjölni 1989. Hann starfaði lengi í embættum innan stúkunnar, var meðal annars síðameistari hennar frá 1997-2001, varameistari frá 2002-2012 og stólmeistari 2012-2017. Hann gegndi embætti yngri yfirstólvarðar í Landsstúkunni frá 2020 til 2024. Þá sat hann í Styrktarráði frá 2022.

Stefán er kvæntur Valgerði Jóhönnu Gunnarsdóttur og eiga þau þrjú börn og fimm barnabörn.



## Haraldur M. Kristjánsson

Á Stórhátíð Reglunnar 2024 hlaut sr. Haraldur M. Kristjánsson stig R&K.

Haraldur Magnús Kristjánsson er fæddur í Reykjavík 1957. Sonur hjónanna Guðmundu Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki í Flóa og Kristjáns S. Guðmundssonar frá Ísafirði.

Haraldur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1977 og kandidatsprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1985.

Haraldur vígðist sem aðstoðarprestur í Garða- og Víðistaðaprestaköllum 1986. Sóknarprestur í Víkurprestakalli 1986-2021. Prófastur Skaftafellsprófastsdæmis 1998-2011.

Haraldur gekk í Röðul 1989. Hann var ræðumeistari 1992-1996 og ræðumeistari 1996-2000. Þá var hann vararæðumeistari í Hlín 1996-1997. Haraldur var kennimaður Landsstúkunnar 2017-2024.

Haraldur er kvæntur Guðlaugu Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingi frá Birnustöðum á Skeiðum. Þau eiga þrjú syni og fimm barnabörn.



## Hreggviður Daníelsson

Á Stórhátíð Reglunnar 2024 hlaut Hreggviður Daníelsson stig R&K.

Hreggviður er fæddur í Reykjavík 7. október 1958, sonur hjónanna Kristínar Sigurðardóttur og Daníels Sigurbjörnssonar.

Hreggviður nam rafvirkjun við Fjölbautarskólann í Breiðholti og útskrifaðist 1983. Hann hlaut meistararéttindi í iðngrein sinni 1993 og hefur verið sjálfstætt starfandi frá árinu 1996.

Hreggviður gekk í Glitni 12. október 1994 og gegndi embættum varasiðameistara 1997-2002 og síðameistara 2002-2006. Hann tók við embætti síðameistara í Landsstúkunni 2006 og gegndi því til ársins 2009. Á árunum 2009-2014 var hann yfirsíðameistari, og eldri síðameistari frá 2014 til 2019. Frá þeim tíma og til 2024 hefur hann gegnt embætti yfirsíðameistara Landsstúkunnar.

Hreggviður er kvæntur Ingvaldi J. Valsdóttur og eiga þau þrjú börn og sex barnabörn.

# Tilskipun embættismanna

Hinn 21. mars 2024 gaf SMR út svohljóðandi skipan embættisráðs í Æðstaráði Reglunnar, Landsstúkunnar, Stúartstúkunnar og Ráðum Reglunnar.

## Æðsta ráð

- Hæstunntvistur R&K r.k. **Kristján Jóhannsson** sem lætur nú af embætti að eigin ósk er hér með leystur frá embætti IVR.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Þorsteinn G. A. Guðnason** er hér með skipaður IVR. Jafnframt er hann leystur frá embætti FHR.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Kjartan Örn Sigurbjörnsson**, sem lætur nú af embætti að eigin ósk er hér með leystur frá embætti SÆK.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Bragi Jóhann Ingbergsson** er hér með skipaður SÆK. Jafnframt er hann leystur frá embætti St.Km.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Stefán Snær Konráðsson** er hér með skipaður FHR. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Yf.Stv.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Guðmundur Guðmundsson** sem nú lætur af embætti að eigin ósk, er hér með leystur frá embætti STR.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Snorri Magnússon** er hér með skipaður STR. Jafnframt er hann leystur frá embætti St.Sm

## Landsstúkan – Stórembættismenn

- Hæstunntvistur R&K r.k. **Haraldur Magnús Kristjánsson** er hér með skipaður St.Km. Jafnframt er hann leystur frá embætti Km.
- Hæstunntvistur R&K r.k. **Hreggviður Daniélsson** er hér með skipaður St.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Yf.Sm.

## Yfrembættismenn Landsstúkunnar

- Hæstunntvistur br. r.p. **Ingvar Ásgeirsson**, sem gegnt hefur embætti E.Yf.Stv. í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson**, er hér með skipaður E.Yf.Stv. Jafnframt er hann leystur frá embætti Stú.M.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Ólafur Rúnar Guðjónsson**, sem gegnt hefur embætti Y.Yf.Stv. í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Arngrímur Guðmundsson** og **Guðmundur Ragnar Magnússon**, eru hér með skipaðir Y.Yf.St.Stvv.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Kristóbert Óli Heiðarsson** er hér með skipaður Yf.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti E.Sm.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Jens Sandholt**, sem gegnt hefur embætti Yf.Kv. í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti, að eigin ósk.
- Upplýstur br. **Eggert E. Jónsson** er skipaður Yf.Kv.

## Almennir embættismenn Landsstúkunnar

- Upplýstur br. **Leifur Ragnar Jónsson**, er hér með skipaður Km.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Carl Daniel Tulinius** er hér með skipaður E.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Sm.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Birgir Snær Valsson** er hér með skipaður Y.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Sm.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Sæmundur Víglundsson**, er hér með skipaður Stú.M.
- Hæstunntvistur br. **Jóhann Kristinn Jóhannesson**, er hér með leystur frá embætti Sm.
- Hæstunntvistur brr. **Hrafnkell Tulinius og Magnús Jóhannesson**, eru hér með skipaðir Smm.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Sigurður Gunnar Vilhelmsson** og **Þórir Sigurgeirsson** sem gegnt hafa embætti Fhh. í lögskipaðan tíma, eru hér með leystir frá embættum Fhh..
- Hæstunntvistur br. r.p. **Atli Vilhjálmsson** og upplýstur br. **Guðlaugur Sæmundsson**, eru hér með skipaðir Fhh.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Sveinbjörn Egill Björnsson** er hér með skipaður E.Stú. Jafnframt er hann leystur frá embætti R.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Guðmundur Ágúst Ingvarsson** er hér með leystur frá embætti R. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Ingvar Ásgeirsson** er hér með skipaður R.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Þór Egilsson** er hér með skipaður R. Jafnframt er hann leystur frá embætti E.Stú.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Hákon Örn Arnþórsson** er hér með leystur frá embætti Kv. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. **Ómar Valur Maack** er hér með skipaður Kv.

## Aðstoðarembættismenn Landsstúkunnar

- Hæstunntvistur br. r.p. **Auðunn Ágústsson**, er hér með skipaður A.Ev.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Marteinn Jónson** er hér með skipaður A.Mv.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Steinarr Kristján Ómarsson** er hér með leystur frá embætti A.Bv. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Benóný Bergmann Viggósson** er hér með skipaður A.Bv.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Hákon Jónas Hjaltalín Hákonarson** er hér með skipaður A.Bv. Jafnframt er hann leystur frá embætti A.Ev. að eigin ósk.
- Upplýstur br. **Davíð Örn Halldórsson** er hér með skipaður A.Bv.
- Hæstunntvistur brr. **Ásbjörn Eydal Ólafsson** og **Kristján Baldursson** eru hér með leystir frá embættum A.Skvv.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Bjarni Grímsson, Páll Guðjónsson** og **Sigurður Vilhelmsson** eru hér með skipaðir A.Skvv.
- Hæstunntvistur br. **Sigurður Helgi Pálmason** er hér með skipaður A.Tv.

## Stúartstúkan á Akureyri

- Hæstunntvistur br. r.p. **Friðrik Adolffsson**, er hér með leystur frá embætti Yf.Sm. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Ari Fossdal** er hér með skipaður Yf.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti E.Sm.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Baldur Þorsteinsson** sem náð hefur hámarksaldri embættismanna er hér með leystur frá embætti Fb.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Friðrik Adolffsson** er hér með skipaður Fb.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Steinmar H. Rögnvaldsson** er hér með skipaður E.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Sm.
- Upplýstur br. **Gauti Már Hannesson** er hér með skipaður Y.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti A.Sm.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Davíð Jóhannsson** er hér með skipaður B.v.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Ólafur Þorsteinn Ólafsson** er hér með leystur frá embætti Bú.v. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. **Jón Ármann Gíslason** er hér með skipaður A.Km.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Sigurður Pálsson** er hér með leystur frá embætti A.Y.Stv. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Jónas Egilsson** er hér með skipaður A.Y.Stv.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Oddur Óskarsson** er hér með leystur frá embætti A.Sm. að eigin ósk.
- Upplýstur br. **Valdimar Freysson** er hér með skipaður A.Sm.
- Hæstunntvistur brr. **Sigurgeir Harðarson, Jóhannes Eiddsson** og **Gunnar Freyr Gunnarsson** eru hér með skipaðir A.Smm.
- Hæstunntvistur br. **Knútur Emil Jónsson** er hér með skipaður A.S.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Sigurður Hermannsson** og **Þorsteinn S. Pétursson** eru hér með leystir frá embættum A.Bvv. að eigin ósk.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Baldur Þorsteinsson** og **Steindór Rúniberg Haraldsson** eru hér með skipaðir A.Bvv.

## Ráð Reglunnar – Fjárhagsráð

- Hæstunntvistur br. r.p. **Jens Sandholt** sem hefur þjónað í hámarkstíma embættismanna er hér með leystur frá setu í Fjárhagsráði.
- Hæstunntvistur br. r.p. **Eggert E. Jónsson** er hér með skipaður í Fjárhagsráð til Stórhátíðar 2026.

## Ráð Reglunnar – Stúkuráð

- Hæstunntvistur br. r.p. **Hrafn Þórðarson** er hér með leystur frá setu í Stúkuráði.
- Hæstunntvistur brr. rr.p. **Bogi Magnússon, Bergur Jónsson, Björn Óskar Björgvinsson** og **Pétur Maack** eru hér með skipaðir í Stúkuráð til Stórhátíðar 2026.

## Ráð Reglunnar – Styrktarráð

- Hæstunntvistur br. r.p. **Stefán Snær Konráðsson** er hér með leystur frá setu í Styrktarráði.
- Hæstunntvistur brr. r.p. **Hákon Örn Arnþórsson, Leópol Sveinsson, Sighvatur Karlsson, Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson** og **Tómas Halldór Ragnarsson** eru hér með skipaðir í Styrktarráð til Stórhátíðar 2026.

21. mars 2024  
Kristján Þórðarson SMR  
Kristján Jóhannsson IVR



# Á vaktinni í 20 ár

þannig að þú getir einbeitt þér að öðru

- Verndum**
- Vöktum**
- Afritum**

## Vaktin

- Microsoft 365 leyfi
- Sjálfvirkar öryggisuppfærslur
- Sjálfvirk öryggisafritun
- Sjálfvirk gagnagislatökuvörn
- Lykilorðaumsýsla
- Lykilorðalaus innskráning
- Öryggislyklar
- Verndun og viðhald á skýjaumhverfi
- Verndun og uppfærsla á tækjum og búnaði
- Aðstoð við notendur innifalinn



Valgeir Ólafsson  
valgeir@tolvuadstod.is



Andriy Fedorets  
andriy@tolvuadstod.is



tolvuadstod.is

5 500 200

# Uppgjör Norðmanna við nasismann

Höfundur: Stefán E. Stefánsson

Ljósmyndir: Jón Svavarsson



↑ Vidkun Quisling, forsætisráðherra á tímum hernámsins. Hann var tekinn af lífi að stríði loknu.

← Aðalinngangur Frímúrahallarinnar í Osló. Þýskir hermenn gera sig heimakomna.

Það var glaðbeittur hópur frímúrarabæðra sem mætti til fundar í Regluheimilinu í Reykjavík föstudaginn 5. apríl, enda stóð mikið til. Boðað hafði verið til hátíðar- og veislustúku í St. Jóhannesarstúkunn Snorra sem jafnframt var lokafundur ársins á hennar vettvangi.

Þótt góð stemning hafi að sönnu ríkt meðal bræðrana var umfjöllunarefni þess rannsóknarerindis sem kynnt var á fundinum allt annað en gleðilegt eða léttvægt. Að þessu sinni fékk stúkan til liðs við sig bróður úr norsku frímúrarareglunni og flutti hann erindi um uppgjör bræðra í Noregi við nasismann sem lá eins og mara yfir samfélaginu þar í landi allan þann tíma sem hernámi Þjóðverja í landinu stóð, frá því í apríl 1940 og fram til ársins 1945.

## Síðustu dauðadórnir

Fyrirlesarinn, Lars-Erik Vaale, er sagnfræðingur að mennt og hefur fyrir löngu skapað sér nafn í heimalandi sínu vegna rannsókna á fyrrnefndu tímabili. Sýndi NRK (norska

ríkissjónvarpið) meðal annars sex þátta seríu á liðnu ári sem byggði á bók hans, *De siste dødsdømte*, en hún fjallaði um þá 25 Norðmenn sem teknir voru af lífi í lok seinni heimsstyrjaldarinnar sökum landráða gegn norska ríkinu.

Lars-Erik vann árum saman að rannsókn á því hvernig norska reglan stóð að uppgjöri við þetta tímabil og niðurstöður sínar kynnti hann fyrst í H&V-stúku norsku rannsóknarstúkunnar, Niels Treschow. Þeirri stúku var komið á laggirnar í Noregi árið 2003 og hefur sömu markmið og stúkan Snorri, sem stofnuð var sjö árum síðar hér á landi.

## Óþjóðleg hegðun

Þegar hillti undir lok heimsstyrjaldarinnar stóð forystusveit norskra frímúrarara fyrir samningu reglna um það hvernig uppgjöri við þá bræður skyldi háttað sem sýnt hefðu af sér „óþjóðlega hegðun“ á hernámstímabilinu. Var nefnd komið á laggirnar í kjölfarið til að rannsaka bræðrahópin og var hún undir forystu bróður Cathinko Stub Holmboe, hæstaréttardómara og síðar stórmeistara Reglunnar.

Starf nefndarinnar teygði sig allt til ársins 1953 og höfðu þá 772 bræður verið rannsakaðir, en það jafngildir 7,2% af heildarfjölda meðlima í Reglunni á þeim tíma. 218



← Stólmeistari stúkunnar Snorra, Haukur Óskarsson, afhendir br. Lars-Erik Vaale minjapening stúkunnar, sem þakklætisvott fyrir áhugaverðan fyrirlestur.

↓ Fróðleiksfúsir bræður voru duglegir að spyrja spurninga eftir fyrirlesturinn og var gleðin augljós meðal þeirra eftir góðan fund.



bræður voru fyrir fullt og allt útilokaðir frá starfi hennar, 437 voru útilokaðir tímabundið og 29 bræður létust á hernámstímabilinu eða áður en rannsókninni lauk. Þá sættu 88 bræður rannsókn þar sem ekki var talið að nokkuð misjafnt hefði átt sér stað.

## Leitaði málamiðlana

Bróðir Lars-Erik veltir meðal annars vöngum yfir því hvort Reglan geti enn í dag verið stolt af því hvernig hún hélt á þessum málum í eftirleik stríðsins. Niðurstaða hans er sú að Holmboe hafi haldið vel á þessum málum og reynt að koma á málamiðlun milli þeirra sem misstigu sig og samfélagsins, þótt ekki hafi hann, eða nefndin, dregið af sér þegar kom að þeim bræðrum sem harðast höfðu gengið fram.

Góður rómur var gerður að erindi Lars-Eriks og spunnust undir borðhaldi í veislustúkunn líflegar umræður þar sem fjöldi bræðra lagði fyrirspurn fyrir fyrirlesara kvöldsins. Haukur Óskarsson, stólmeistari Snorra, stýrði umræðunum.

Í veislustúkunn flutti Símon Jón Jóhannsson, fráfarandi varameistari stúkunnar, snjalla ræðu er hann minntist fósturjarðarinnar.✳



## Breytingar í hópi embættismanna St. Jóh.st. Snorra

Nokkrar breytingar urðu á skipan aðalembættismanna stúkunnar á fundinum. Stefán Einar Stefánsson, sem verið hefur eldri stólvörður síðustu ár, tók við keflinu af Símoni Jóni. Reynir Sigurðsson tók við embætti eldri stólvarðar. Þá tók Þorkell Ágústsson við embætti ritara af Steinari Kr. Ómarssyni. Kári Allansson er nýr söngstjóri stúkunnar og tekur við því embætti af Ingólfi Karlssyni.



STIKLAB Á STÓRU Í SÖGU FJÖLNIS

# Virðing, agi og metnaður

Höfundur: Ingvar S. Hjálmarsson

Ljósmyndir: Jón Svavarsson, Geir Agnar Guðsteinsson og fleiri

Stúkan Fjöltnir var stofnuð að skipan þáverandi Stórmeistara Reglunnar, Gunnars J. Möller. Stofndagur var 25. janúar 1987.

Ákvörðunin um stofnunina var tekin á fundi Æðstaráðs Frímúrarareglunnar þann 17. september 1985 og var undirbúningur að stofnun stúkunnar falinn Vali Valssyni og valdi hann með sér bræður sem störfuðu að þessu markmiði með honum.

Stofnendur stúkunnar voru 39 talsins. Þessi tala kemur svo fram í merki stúkunnar sem 39 hlekkir í órjúfanlegri keðju. Meginhluti bræðra við stofnun komu úr stúkunni Mími, en segja má að bræður hafi komið úr því sem næst helmingi allra starfandi St. Jóhannesarstúkna innan Frímúrarareglunnar.

Við stofnun Fjölnis sagði Valur Valsson, sem varð fyrsti stólmeistari stúkunnar: „Eitt íslenskt skáld átti sér þessa bæn til lífsins: „Hafir þú eitthvert smáhlutverk, þar sem maður leitar sannleikans, viltu þá lofa mér að leika það?“ Reglan hefur nú falið okkur mikilvægt hlutverk, þar sem maður leitar sannleikans. Okkar er að leika það svo að verði Reglunni til þroska og bræðrunum til heilla. Í okkar umsjá er nú nýgræðingur. Það er skylda okkar að annast hann af bróðurlegri umhyggju, veita honum skjól, birtu og yl, svo að af honum vaxi voldugt tré.“

Gunnar Möller fylgdi stúkunni úr hlaði með góðum óskum um velfarnað í bráð og lengd: „Ég lýsti því í inngangsorðunum, að mikilvægt væri að fá hæfan leiðtoga. En í öllum stúkum er hver bróðir mikilvægur hlekkur og

alveg sérstaklega liggur það í augum uppi í fámennu liði, eins og því sem hér ýtir úr vör.“

Fyrsta starfsárið voru eingöngu þrjár umsækjendur teknir inn í stúkuna en síðan að jafnaði sjö á hverju starfsári. Vissar hefðir hafa skapast í tímans rás við störf innan stúkunnar. Utan fjárhagsstúkufundar og lokafundar eru ekki teknir inn umsækjendur á H&V fundi, jólafundi og fundi sem er að jafnaði haldinn í dymbilviku fyrir páska. Þá er fastur síður að lesin er Fjallræðan og meira er um tónlist en endranær.

## Merkið, kjörorðið og nafnið

Eftir að ákvörðun um stofnun nýrrar stúku í Reykjavík var samþykkt á fundi Æðstaráðs Frímúrarareglunnar árið 1985 hófst vinna við að finna nafn á stúkuna, merki og kjörorð. Ákveðið var að nýja stúkan skyldi heita Fjöltnir, byggja á kærleika og merki hennar vísa til heitis hennar, kjörorðs, bræðralagsins og fjölda stofnenda stúkunnar. Nafnið Fjöltnir er sótt í Snorra-Eddu eins og nöfn flestra annarra St. Jóhannesarstúkna hér á landi. Nafnið er alföðurkenning í Gylfaginningu. Þar segir frá því að alfaðir hafi átt tólf nöfn í Ásgarði hinum forna, hið fimmta þeirra var Fjöltnir. Hér er líka vísað til þess að Fjöltnir er fimmta St. Jóhannesarstúkan í Reykjavík.

Einkunnarorð eða kjörorð stúkunnar er Caritate, sem er latína og þýðir „í kærleika“. Það lýsir trausti á algóðan kærleika Guðs og bróðurkærleika sem vera skal undirstaða



← 39 stofnfélagar Fjölnis, 25. janúar 1987.

↑ Stúkuskjöldur Fjölnis.

stúkustarfsins. Eldurinn í skjaldarmerkinu tákna orðið.

Á skjaldarmerki stúkunnar er gyllt hringlaga keðja á bláum fleti og innan hennar hvítur jafnhliða þríhyrningur utan um tundrað ljós. Einkunnarorðið stendur neðst á hvíttri gullbryddaðri umgjörð ásamt heiti stúkunnar og aðsetri hennar, Reykjavík.

Fyrsta starfsárið voru haldnir fimm fundir en síðan hafa að jafnaði verið um 20 fundir á ári.

Innan stúkunnar er starfrækt vefnefnd sem hefur það hlutverk að skrifa fréttir á vefsíðu Fjölnis á vef Reglunnar og senda bræðrum tölvupóst til áminningar um fundi eða aðra viðburði sem stúkan stendur fyrir.

Bræður í Fjölni hafa ríkulega notið bókasafns Frímúrarareglunnar í Reykjavík og hafa sótt lesfundi með ágætum. Starf stúkunnar fer að sjálfsgöðu fram í Jóhannesarsalnum í Regluheimilinu við Bríetartún en stúkan hefur einnig haldið fundi á Selfossi og í Hafnarfirði. Fjölnisbræður

## Stólmeistarar Fjölnis

Frá stofnun Fjölnis hafa átta bræður gegnt embætti stólmeistara stúkunnar. Sýn þeirra á stúkustarfið er ólíkt, þó það byggir ávallt á sama kjarna og kærleika.

### Valur Valsson 1987–1990

Mér þykir vænt um þá virðingu sem Fjöltnir nýtur. Orðspor Fjölnis er mjög gott og hefur alltaf verið og stúkan nýtur mikillar virðingar innan Reglunnar og það vekur gleði hjá mér. Ég horfi mjög stoltur til Fjölnis í dag. Stúkan er og hefur alltaf verið í góðum höndum og framtíðin er svo sannarlega björt.

### Guðni Jónsson (H.t.au.ei.) 1990–1997

Ég sagði alltaf að „Fjöltnir klikkar ekki á smáatriðunum“. Það eru þessi smáatriði sem ekki mega gleymast, að hringja í þá sem finnst þeir aldrei heyra í neinum, styðja þá sem þurfa á stuðningi að halda og vitja þeirra sem eru veikir. Þannig sýnum við í verki að við virðum einkunnarorð stúkunnar, Caritate“.

### Þorsteinn Svörfuður Stefánsson (H.t.au.ei.) 1997–2002

Stólmeistari þarf að hafa allan huga við starfið, halda góðu sambandi við bræðurna og passa vel upp á alla þætti. Ég lagði hart að embættismönnum að æfa vel því arfleifð forvera minna krafðist þess að Fjöltnir væri alltaf með fyrirmyndar embættisfærslur.

### Kristján S. Sigmundsson 2002–2007

Ég þroskaðist mikið við að takast á við hin ýmsu verkefni stólmeistara sem snúa oft að persónulegum málum bræðra, stundum ýmsum erfðleikum sem þeir fást við í daglegu lífi. Margir bræður leita til stólmeistara til að ræða ýmis trúnaðarmál sem geta varðað til dæmis samskipti og fjármál.

### Guðmundur Kr. Tómasson 2007–2012

Ég hef ávallt upplifað starfið í Fjölni og Reglunni sem uppsprettu gleði, ánægju og þroska sem rekja má til víxlverkunar, þar sem allir bræður eru í senn gefendur og þiggjendur í formi stuðnings og trausts. Velferð stúkunnar og bræðrana er og verður samofin.

### Stefán Snær Konráðsson 2012–2017

Mitt markmið var fyrst og fremst að viðhalda því góða starfi sem unnið hefur verið innan Fjölnis. Ég er alinn upp í íþróttahreyfingunni og er mjög hrifinn af þeirri liðsheild sem þar er að finna. Ég kappkostaði því að nýta mér starfskrafta bræðra með sem bestum hætti.

### Leópolð Sveinsson 2017–2022

Arfleifð stofnenda Fjölnis er sterk og ábyrgð hvers stólmeistara því mikil að viðhalda henni. Leiðarljós mitt var að hlúa að rötunum, sem er að mínu mati leiðin að sterkum stofni. Ég leitaðist því við að efla það góða í starfinu og þróa það sem bæta mátti. Öflugt starf og bræðrahópur laðar að sér nýja góða félagi.

### Gunnar Bragason 2022–

Mitt markmið er að starf stúkunnar sé með þeim hætti að bræðurnir hafi ánægju af því að mæta á stúkufundi og koma að öðru starfi sem Reglan býður upp á. Virkni embættismanna þarf að vera mikil, menn þurfa að gefa sér tíma í æfingar, en vel framkvæmdur fundur skilar ánægjulegri kvöldstund fyrir bræðurna.



# herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND



↑ Þrjú fyrstu stólmeistarar Fjölnis ásamt SMR. F.v. Guðni Jónsson, SMR Indriði Pálsson, Þorsteinn Sv. Stefánsson og Valur Valsson. Tekin 1997.

hafa og verið duglegir að heimsækja aðrar stúkur úti á landi sem og í Reykjavík og nágrenni.

Fjölnisbræður hafa einnig stundað ýmis konar félagsstarf utan stúkunnar. Til að byrja með var systurum boðið í ferð að hausti eitthvað út fyrir Reykjavík, þar sem fjölskyldur bræðra áttu samverustundir. Hin síðari ár hafa bræður sammælt um ferðir innanlands sem erlendis sem ávallt hafa verið vel sóttar. Þá er það orðinn fastur siður bræðra að hittast yfir hádegisverði á fyrsta þriðjudegi í hverjum mánuði yfir sumartímamann, fara í dagsferðir innanlands að vori, gönguhópur hefur verið starfræktur og golfmót haldin. Starfið hefur því sannarlega verið blómlegt frá fyrstu tíð.

Frá stofnun Fjölnis hafa átta bræður gegnt embætti stólmeistara. Eðli málsins samkvæmt hefur hver og einn þeirra markað sín spor varðandi starf og þróun stúkunnar. En allir hafa þeir verið sammála um í gegnum tíðina að við stofnun Fjölnis hafi verið lögð drög að einstöku og merkilegu starfi sem stúkan hefur unnið eftir. Sá grunnur sem lagður var í upphafi hefur styrkt starfið frá ári til árs. Þar beri sérstaklega að þakka Vali Valssyni, fyrrum Stórmeistara Reglunnar og fyrsta stólmeistara stúkunnar og þeim 39 bræðrum sem kallaðir voru til starfa þegar hún var stofnuð. Og þeirri reglu aldrei gleymt, að ótal smáatriði sem lögð er natni við, mynduðu þá heildarstefnu sem starf stúkunnar hefur byggt á frá upphafi.



↑ Glæsilegur hópur bræðra við fyrstu afhendingu starfsaldursmerkja Reglunnar. Í hópnum voru margir af stofnfélögum stúkunnar. Tekin 2023.



↑ Bræður og systur í ferð á vegum ferðanefndar Fjölnis, þar sem Skorradalur var heimsóttur. Tekin 2024.



↑ Embættismenn stúkunnar undir stjórn Guðmundar Kr. Tómassonar. Tekin 2012.

Þessi samantekt er byggð að hluta til á grein sem birtist í bók sem gefin var út á 30 ára afmæli stúkunnar Fjölnis.

### Stúka á ferð og flugi

Frá stofnun stúkunnar Fjölnis hafa ferðir erlendis verið mikilvægur hluti af starfinu. Bæði hafa bræður farið einir og í öðrum ferðum hafa systurnar komið með.

Að öðrum ólöstuðum má segja að Svend Richter hafi verið driffjöðurin þegar kemur að ferðum Fjölnis erlendis og innanlands. Bæði hvað varðar hvert haldið sé og einnig hvaða stúkur hafa verið heimsóttar í þessum ferðum erlendis.

Listinn yfir staði sem stúkan hefur heimsótt er of langur til að láta fylgja hér með í heild sinni, en meðal erlendra áfangastaða mætti nefna London, Edinborg, Berlín, Washington D.C., Osló og Aþenu.

### Vinafundir

Undanfarin ár hefur Fjölnir haldið svokallaða vinafundum. Á þessum fundum hefur vináttan verið í fyrirrúmi, hvort sem um er að ræða uppsetningu fundar, efni sem flutt er og tónlist valin við hæfi. Þessir fundir hafa verið mjög vinsælir og eru bræður hvattir til að vera í sambandi við þá bræður sem

þeir hafa mælt með og einnig eru bræður hvattir til að vera í sambandi við bræður sem af einhverjum ástæðum hafa ekki sinnt starfinu sem skyldi. Sumir bræður hafa stigið sín fyrstu skref til baka á ný í bræðrahópinn eftir þessa fundi.

Að fundi loknum er síðan snætt vinasnitset með öllu því meðlæti sem prýða má slíkan höfðingjamat. Og ávörp sem flutt eru, hafa vináttuna í forgrunni.

### Páskafundir

Líkt og fleiri stúkur, þá hefur Fjölnir haldið páskafundi, þar sem dagskrá fundarins er sniðin að þessari miklu hátíð kristinna manna. Í tónlist og töluðu máli er lögð áhersla á að kynna og draga fram þá atburði sem fram fóru á páskahátíðinni. Fyrir mörgum Fjölnisbræðrum er páskafundur ásamt jólafundum hátíðlegustu stundir ársins og mæting á þá fundi eru til fyrirmyndar.

### Útgefið efni

Á 25 ára afmæli Fjölnis var gefinn út smekklegt smárit, þar sem farið var yfir það helsta sem drifið hafði á daga stúkunnar frá stofnun.

Á 30 ára afmælinu var gefin út vegleg bók með mjög áhugaverðu efni um starfsemi Fjölnis. Þar var að finna greinargott yfirlit sem tengdist stofnun Fjölnis. Viðtöl við stólmeistara, pistlar frá stofnendum stúkunnar og greinargóð samantekt um ferðalög á hennar vegum, hérlendis og erlendis í gegnum tíðina.

Á 35 ára afmæli Fjölnis var svo gefið út fallett kver sem bar nafnið Kveðjur úr kófinu. Þar var að finna 25 pistla sem bræður í vefnefnd Fjölnis skrifuðu þegar stúkustarfið lá að mestu leyti niðri vegna kórónuveirufaraldursins. Pistlanir birtust upphaflega á síðu Fjölnis á vef Frímúrarareglunnar og voru samdir til að tengja saman bræðralag okkar á erfðum tíma í starfi Reglunnar. ✨

# Ýmsir munir fyrir Frímúrara

Vefverslun Frímúrarareglunnar á Íslandi



Bróðir.is

Allur hagnaður af sölu rennur óskertur í styrktarsjóð.

www.brodur.is

TOPP ÚTLIT  
-merkningar-

BLIKKSMÍÐJA  
GUÐMUNDAR  
...við reddum því!

Nesey ehf.

KC.-MÁLUN.is

APÓTEK  
VESTURLANDS

ICELAND  
SEAS

norlandair

EXPERT

ESKJA

HÚSEY  
Teikni- og verkfræðistofa

VERKSÝN

MEITILL  
GTTÆKNI



## Hvað er líkt og ólíkt með Oddfellow og sænsku Frímúrarareglunni?

Höfundur: Guðmundur Kr. Tómasson

Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson og fleiri

Árið 2017 flutti frímúrarinn Jesper Wikström erindi um Oddfellow í Vasa í Finnlandi og var yfirskrift þess: „Kvöldstund með sögulegri yfirferð og samanburði.“ Wikström er félagi bæði í sænsku Frímúrarareglunni (SFMO), stúku í Jakobsstad og Oddfellow (stúka í Vasa). Umfjöllun hans um efnið ætti því að byggja á traustum grunni. Við Austurbótin í Finnlandi og eflaust víðar virðist vera nokkuð um að menn séu félagar bæði í SFMO og Oddfellow og endurspegladist það m.a. í spurningum og líflegum umræðum fundarmanna í framhaldi af erindinu.


Í framhaldi af erindi Wikströms ritaði annar frímúrararbróðir, Anders Dahlbäck að nafni, stutta grein sem birtist í blaði SFMO í Finnlandi og ári síðar í blaði SFMO í Svíþjóð. Textinn hér að neðan er endursagður útdráttur úr grein Dahlbácks.

### Uppruni

Það á við um Oddfellow eins og Frímúrarara að félagsskapurinn á rætur að rekja til byggingargilda/iðngreinasamtaka miðalda. Talið er að upphaf Oddfellow megi jafnvel rekja til ársins 1537, en fyrstu öruggu heimildir um starf Oddfellow eru frá árinu 1748, nánar tiltekið er þar um að ræða samþykktir stúkunnar Loyal Aristarucus Loge No. 9. Talan 9 bendir óneitanlega til að þá þegar hafi verið starfandi stúkur með númerin 1-8. Nafnið „Oddfellow“ mun vísa til þess að fyrstu „Oddarnir“ voru byggingarfarandverkamenn sem uppfylltu ekki sett skilyrði um inngöngu í skráð iðngildi þess tíma. Fyrsti hluti orðsins Oddfellow þ.e. „Odd“ er talið vísa til þessa. Síðari hluti orðsins mun m.a. vísa til þess að fjöldi manna með ólíka þekkingu á byggingarstarfsemi þessa tíma fengu ekki inngöngu í þau iðngildi (skráð iðngildi)



↑ Oddfellowhúsið í Reykjavík, Vonarstræti.



sem áunnið höfðu sér sérstaka stöðu á þessum tíma. Þessi staðreynd endurspeglast síðan m.a. í ólíkum arfsögnum í innra starfi hvors félagsskapar fyrir sig.

Oddfellow var og er með ríkara hagnýtt sjónarhorn. En hið siðferðilega innihald og boðskapur er hinn sami hjá Oddfellow og Frímúrarum. Eitt fyrsta meginmarkmið Oddfellow var að tryggja félögum sínum félagslegt öryggi á meðan Frímúrarar þess tíma höfðu ríkara fræðilegt og persónubundið sjónarhorn. Bróðir Jesper varpaði með vísan til þess fram þeirri mögulegu skýringu að ósk um þátttöku í Oddfellow hefði á þessum tíma fremur ráðist af félagslegri stöðu viðkomandi manns fremur en persónulegri stöðu hans og lífssýn.

### Margbrotin saga

Það sama á við um Oddfellow og Frímúrarara að það myndast ólíkar greinar innan hvors félagsskapar fyrir sig á árunum 1700 til 1800. Á fyrrihluta 19. aldar verður klofningur innan Oddfellow sem á m.a. rætur að rekja til Bandaríkanna. Ástæða klofningsins var bæði af lögfræðilegum og efnahagslegum toga. Í Englandi giltu ströng skilyrði um starfsemi iðngilda og annarra hagsmunasamtaka. Ný lög voru sett í Englandi sem takmörkuðu starfsemi þeirra hagsmunasamtaka sem gerðu trúnaðarkröfu um innri starfshætti. Það varð þess valdandi að Oddfellow varð að

breyta starfsháttum sínum og gerði það á þann veg að leggja megin áherslu á félagslega hagsmuni bræðra á kostnað hins siðbundna starfs. Í Bandaríkjunum voru menn hins vegar ekki bundnir af enskri löggjöf og þeir völdu að gerast sjálfstæðir m.a. með það að leiðarljósi að gefa hinu siðbundna starfi sama vægi og fyrr. Skammstöfunin sem við þekkjum í dag, IOOF (Independent Order of Odd Fellows) á rætur að rekja til þessa. IOOF vísar því til bandarísku greinarinnar af Oddfellow og starfsemi hennar er útbreidd í Norður- og Mið-Ameríku og Norður-Evrópu. Breska grein Oddfellow er hins vegar starfrækt innan Bretlands og breska heimsveldisins og starfsemin þar snýst fyrst og fremst um fjárhagslegan og félagslegan stuðning við félagsmenn.

### Skandinavía og Finnland

Starfsemi IOOF barst til Skandinavíu með mönnum sem gengið höfðu í Oddfellowstúkur í Bandaríkjunum, fyrst til Danmerkur 1878, síðan Svíþjóðar 1884 og til Finnlands 1925. Fyrsta Rebekkustúkan í Finnlandi var stofnuð í Vasa 1969. Rebekkugrein Oddfellow Reglunnar varð til í Bandaríkjunum árið 1851 og þá sem heiðursfélagsskapur fyrir eiginkonur og dætur Oddfellowa, en var síðan umbreytt í sjálfstæðan samhliða félagsskap fyrir konur árið 1868. Siðabálkar og táknmyndir Rebekkustúkna hafa m.a. tilvísun til áberandi kvenna í hinni helgu bók. Nafnið Rebekka vísar



↑ Stórsír, Guðmundur Eiríksson.

til eiginkonu Ísaks, móður Jakobs og Esau. Í Skandinavíu eru Rebekkustúkurnar sjálfstæð grein innan Oddfellow en í Bandaríkjunum eru báðar greinar Oddfellow opnar jafnt fyrir karla sem konur.

**Líkt og ólíkt**

Án þess að upplýsa um fundaframkvæmd eða siðabálka Oddfellow og Frímúrara sem trúnaður gildir um, kom bróðir Jesper í erindi sínu inn á nokkur atriði sem eru lík og ólík. Með vísan til þess að formlega staðfestur aldur Oddfellow og Frímúrara er áþekktur endurspeglast það að einhverju marki í sama grunni táknynda sem notuð er í innra starfi en merking og útfærsla getur verið ólík. Dæmi um slíkar tákmyndir eru hlekkir í keðju og alsjáandi auga ásamt stigtáknum sem vísa til þess stigs sem bræður hafa á hverjum tíma. Markmið beggja félaga er að efla og þroska góða eiginleika og samstöðu manna á meðal. Bræðralagið er kjarninn í starfsemi beggja. Starfsemi SFMO grundvallast á kristinni trú en innan Oddfellow er vísað til æðri máttar án þess að skilgreina hann frekar. Hér er um áþekka samsvörun að ræða eins og milli SFMO annars vegar og Scottish eða York rite kerfanna hins vegar. Hvað varðar fundaframkvæmdina sjálfa nefndi bróðir Jesper aðeins að lærdómsferlið væri um margt líkt, en framkvæmdin ólík. Innan SFMO eru 11 stig þar sem hvert nýtt stig er rökrétt framhald af því næsta og því sem á undan er gengið. Innan Oddfellow ber hvert stig ákveðið nafn og hvert nýtt stig útvíkkar eða breiðkar þá sýn sem áður hefur verið gefin í líkingu við pússluspil þar sem hver nýr biti gefur skýrari heildarsýn. Fjögur fyrstu stigin í Oddfellow (sem veitt eru innan stúku) eru af siðferðilegum toga (moralísk),

**Oddfellowar á Íslandi**

Á heimasíðu Oddfellowreglunnar á Íslandi kemur meðal annars fram:

Fyrsta Oddfellowstúkan á Íslandi, st. nr. 1, Ingólfur, var stofnuð 1. ágúst 1897. Aðdragandi stofnunar Reglunnar hér á landi var sá, að danskir Oddfellowar tóku sér fyrir hendur að reisa sjúkrahús fyrir holdsveika í Laugarnesi við Reykjavík, en þá var holdsveiki nokkuð útbreidd í landinu og mikill vágstur. Innan Reglunnar starfa bræðrastúkur og systrastúkur. Bræðrastúkurnar eru 28 og Rebekkustúkurnar 18. Yfirstjórn Reglunnar er í höndum Stórstúkustjórnar, en æðsti yfirmaður Reglunnar er stórsír.

Stórstúka Íslands, I.O.O.F., var stofnuð 1. ágúst 1933 og heyrði í fyrstu undir dönsku Regluna. Hún varð óháð 31. janúar 1948. Stórstúkan er löggjafarþing Reglunnar. Í henni eiga sæti fulltrúar allra stúknanna í landinu. Oddfellowheimilin á Íslandi eru 9 talsins sem reglusystkini og aðstandendur þeirra hafa afnot af.

Félagsmenn eru um 4000 talsins og um helmingur þeirra konur.

en þau þrjú sem á eftir koma (veitt innan Búða) eru fremur af siðfræðilegum (etísk) toga. Stigveitingarferlið og aðgreining milli stiga er áþekkt hjá báðum.

Einkunnarorð Oddfellowa eru: Vinátta, Kærleikur og Sannleikur og raungerist með heimsóknnum til sjúkra og með stuðningi við þá sem eru í nauð, að jarða hina látna og annast ung og foreldralaus börn. Í framangreindum einkunnarorðum endurspeglast m.a. hvernig IOOF (bandaríska greinin) hefur samhliða táknrænu starfi varðveitt persónubundið innra og ytra félagslegt stuðningsnet sem kjarnaviðfangsefni. Oddfellowar beita sér jafnframt fyrir samfélagslegum stuðningi í þágu annarra en félagsmanna eingöngu. SFMO beinir samfélagslegum stuðningi sínum einkum út á við, en í innra starfi sínu að persónulegu þroskaferli bræðra.

**Markmiðið hið sama**

Svar bróður Jesper við spurningu sem hann fékk undir lok fundarins endurspeglar vel kjarna málsins sem er að bæði IOOF og SFMO hafa margvísleg verðmæti að bjóða fyrir nútímamanninn, en gera það með ólíkum hætti. Þó beint samstarf þessara aðila sé óraunhæft þá er markmið þeirra það sama, að bræður öðlast þekkingu á sjálfum sér og tilgangi lífsins. Sá maður sem af einhverjum ástæðum finnur sig ekki innan annars félagsskaparins gæti átt heima innan hins í persónulegri viðleitni sinni til að ná lengra á braut vísu og þroska, samfélaginu til heilla. ✨

Grein þessi er endursögn á grein Anders Dahlbäck sem birtist í tímariti sænsku frímúrarareglunnar Frimuraren no 3/2018.



# Virkur styrkur

Gæði - Hreinleiki - Virkni



ÉG ER FRÍMÚRARI – WILLY PETERSEN

↑ Willy Petersen sker út trúarlegar og frímúrískar myndir í tré.

## Blikkarinn á skurðstofunni

Höfundur: Skúli Unnar Sveinsson  
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Síðustu 12 árin eða svo hefur bróðir Willy Petersen úr Mími dundað sér við að skera út hina ýmsu hluti í tré. Það er kannski ekki rétt að segja dundað sér, því Willy mætir á vinnustofuna flesta virka morgna og er fram að hádegi, þannig að þetta er ekkert dund, þetta er tekið af fullum krafti. „Maður er dálítið mikið hérna og við segjum nú oft, svona okkar á milli, að þetta sé líka frí fyrir konurnar. Við förum hingað og þá geti þær gert það sem þær vilja án þess að við séum að skipta okkur af og þær fá smá frið fyrir okkur“, segir Willy.

Frímúrarinn heimsótti Willy um miðjan apríl á vinnustofuna þar sem hann hefur aðstöðu ásamt um tug annarra áhugasamra og handlaginna manna við að skera út í tré. Þar kennir ýmissa grasa, klukkur, fuglar, ýmislegt nytsamlegt eins og pizzabakkar, flöskustandar og svo mætti lengi telja og væntanlega ýmislegt sem búið er að koma fyrir á heimilum viðkomandi í gegnum tíðina. Er ekki allt orðið yfirfullt af verkum eftir þig?

„Já blessaður vertu, því er fljótvarað. Nú er viðkvæðið þegar maður kemur með eitthvað heim að það sé ekkert pláss

fyrir þetta,“ segir Willy og brosir. En stundum gerir hann hluti eftir óskum. Hann hafði til dæmis gert veglega spegla fyrir dóttur sína og tengdadóttur og konan spurði hann eitt sinn hvers vegna hún þyrfti að búa við IKEA spegil. „Ég brást auðvitað við með því að gera spegil fyrir hana og hann varð að vera það stór að hún sæi sig alla í honum þannig að ég varð að gera einn í fullri stærð, það var mjög skemmtilegt,“ segir hann.

Helsta ástæða þess að við ræddum við Willy er sú að síðustu árin hefur hann verið iðinn við að skera út trúarlegar myndir sem hann hefur síðan gefið í hinar ýmsu kirkjur. Þekktust eru væntanlega verk hans í Breiðholtskirkju og Árbæjarkirkju. Við spurðum útskurðarmeistarann fyrst hvernig það hafi komið til að hann hóf að skera út trúarlegar myndir.

### Alltaf verið trúaður

„Grunnurinn er sá að ég kynntist starfi KFUM þegar ég var 13 ára gamall. Ég tók þátt í starfi félagsins í Laugarnesinu, en ég er innfæddur Laugnesingur, og þarna kynntist ég fyrst kristinni trú og hef alla tíð verið í KFUM og er enn. Við hjónin

# pipu lakk Allt frá hattí oní skó

**Hattar**

**Treflar**

**Kjólshyrtur**

**Hátíðavesti (5 hnappa)**

**Karaffla með 2 glösum**

**Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara**

**Lakkskór (ný tegund)**

**Erma- og brjósthnappa**

**Fyginhlutir - Fyginhlutir - Fyginhlutir**

**Ermahnappar**

**Smeygur**

**Ermahnappar**

**Lindaklemma/bindisnæla**

**herra húsið**

**ADAM**

Ármúla 27 - 108 Reykjavík - Sími 551 7575 & 552 9122 - www.herrahusid.is



höfum tengst KFUM & KFUK og öðru kristnu starfi alla tíð.

Síðan þegar maður hefur verið í Reglunni í nokkur ár og sér öll þau tákni sem þar eru, þá kvikna ýmsar hugmyndir í tengslum við það, eins og myndin sem ég var að klára, þar er Reglan í hnotskurn. Ég byrja á einum hluta, fyrsta stiginu, síðan kom II stigið og svo framvegis og ég held ég hafi verið um þrjár vikur með þetta verk. Það var mjög gaman að kljást við þetta, þarna koma fram vinnviðurinn, kaleikurinn, brauðið, krossinn og blómin sem tákna mennina.

Svo finnst mér líka mjög gott þegar ég er að gera þessi flóknu og erfiðu verk að hvíla mig á þeim í einhvern tíma og gríp þá í að gera fugla eða einhverja minni hluti. Það hvílir hugann og maður slakar á. Hér er enginn sem segir manni að flýta sér, maður vinnur þetta bara á þeim hraða sem hentar," segir hann.

Willy segist oft fá hugmyndir að verki þegar hann fer í kirkju. „Það er ekki þannig að ég sjái eitthvert laust pláss á vegg og ákveði að gera mynd sem passar þar. Nú er ég með hugmynd að krossi og á honum á að vera útskurður sem tengist ákveðinni kirkju hér í Reykjavík, færa það verk sem sagt yfir á krossinn.


Verkið sem er í Breiðholtskirkju var ég stóran part úr vetri að gera. Fyrst gerði ég skapalón úr pappa og hugmyndin var lögð fyrir sóknarnefndina um hvort hún vildi þiggja þetta sem gjöf. Sem hún og þáði. Hugmyndin að verkinu er að við eigum ekki jörðina ein, á henni eru allir mögulegir litir og hér lifir fólk af ólíkum litarhætti og verkið eru alla vega litar hendur sem tengjast. Mér tókst að ná fram fjölmörgum litum á hendurnar úr mismunandi viði. Engar hendur eru málaðar, þær eru allar úr „orginal“ við. Þarna er

fura, linditré, maghony, eik í nokkrum litum og síðan náði ég í græna spýtu og nokkrar hendur eru þannig fyrir þá sem lifa á Grænhöfðaeyjum," segir Willy en verkið samanstendur af um 140 pörtum sem eru tengdir saman. „Tákmyndin er sú að neðri hluti verksins, sem er bogi, tákna jörðina. Svo kemur Breiðholtskirkja upp og síðan hringur sem er án upphafs og endis, þar yfir kemur krossinn. Hann er úr hvítum og svörtum höndum sem halda saman. Hugsunin er sú að við erum öll jöfn og það sem sameinar okkur er krossinn og trúin," segir Willy.

### Enginn neitað hingað til

Hann á verk í nokkrum kirkjum og má sem dæmi nefna Fella- og Hólasókn, Lindakirkju, Grensáskirkju, Árbæjarkirkju og ekki ólíklegt að fleiri bættist í hópinn því hugmyndirnar eru fjölmargar hjá Willy. Spurður hvort prestar og sóknarnefndir hafi komið með hugmyndir að verki til hans og beiðni um að hann gerði slíkt segir Willy svo ekki vera. „Nei, ég hef ekki fengið neitt slíkt. En ef ég geri eitthvað svona þá er ég oft með einhverja ákveðna kirkju í huga. Hingað til hefur enginn neitað þegar ég hef boðið þeim verk að gjöf. Það er vandasamt að gera svona fyrir kirkju því hún er auðvitað fyrir alla og því dálítið viðkvæm fyrir því hvað er sett upp þar, það þarf líka að vera einhver boðskapur í verkinu.“

Ekkert af verkum Willy er í Regluheimilum í landinu. „Það koma auðvitað oft einhverjar hugmyndir í kollinn á manni, en það er með Regluheimilin eins og kirkjurnar. Það þarf að vera einhver boðskapur í verkunum og Regluheimilin eru auðvitað þannig að það er ekki gott að setja eitthvað þar upp, líkt og með kirkjurnar. Maður setur ekki hvað sem



# HELGAFELL

F A S T E I G N A S A L A

*það skiptir máli..*



Helgafell fasteignasala, Stórhöfði 33, Sími 566 0000

[www.helgafellfasteignasala.is](http://www.helgafellfasteignasala.is)

er á veggi þar. Það þarf bæði að passa inn og hafa einhverja þýðingu," segir Willy.

### ***Býður fólki í kirkjugarðinn***

Þau hjónin eru með sumarbústað austur í Grímsnesi og þar er líka ýmislegt sem Willy hefur gert. „Það er smá hvammur við bústaðinn og þar hef ég komið fyrir nákvæmum eftirlíkingum af sjö kirkjum, meðal annars Dómkirkjunni með fánann uppi, ártalinu og merki kóngsins. Svo er líka Auðkúlukirkja, sem er átthyrnd en ekki áttstrend þannig að hún var dálítið flókin og skemmtileg. Ég lýsi síðan kirkjurnar upp í skammdeginu. Ég segi oft við menn þegar við förum út á veröndina: Ég get boðið þér í kirkjugarðinn," segir Willy sposkur, en þau hjónin fara í bústaðinn að vori „og við erum þar alveg fram í september þegar frímúrarastarfið byrjar. Konan er Maríusystir og þegar starfið er búið hjá okkur á vorin förum við austur. Við hjónin vorum mjög samhent þegar við byggðum bústaðinn og hún er minn besti handlangari, veit alltaf hvað mig vantar!" segir hann.

Willy segist ekki selja neitt af því sem hann gerir. „Nei, ég sel ekkert af þessu. Ég fékk alveg nóg af því þegar ég var með blikksmiðjuna. Svo er handverk lítills metið svona peningalega séð. Félagslegur hagnaður er hins vegar mjög mikill því hér er gríðarlega gott að vera, hver karlinn betri en annar. Alveg toppdrengr, okkur vantar bara konur í útskurðinn," segir hann.

### ***Löngum stundum á skurðstofunni***

Willy er blikksmiðameistari að mennt og vann við það þar til hann hætti að vinna. Hann vann því alla tíð með höndunum eins og oft er sagt. „Ég held að handlægnin hafi komið fljótt; sem dæmi þá steypiti ég mína eigin tindáta og gerði púsluspil. Ég byrjaði sem ungur drengur að smíða hitt



og þetta og í Laugarnesskólanum voru handavinnotímarnir skemmtilegustu stundirnar og ég hafði snemma þörf fyrir að nota hendurnar og skapa eitthvað," segir Willy og bætir við að líklegast hafi hann erfð þennan eiginleika úr móðurætt sinni því þar hafi verið mikið um handlagið fólk. „Pabbi var blikksmiður þannig að þetta blandast trúlega allt saman.“

Aðstaðan þar sem Willy sker út er að sjálfsögðu kölluð „Skurðstofan“ og er rekin af Reykjavíkurborg og greiða þeir sem þar eru fyrir aðstöðuna. „Ég lenti hér fyrir algjöra tilviljun: Fyrir tólf árum eða svo hitti ég mann sem hafði verið hérna og hann fór að segja mér frá þessu. Ég ákvað að kíkja til hans og hef ekki farið síðan. Hér er gríðarlega góður andi og gott að vera, menn með alls konar bakgrunn, sjómaður, prestur, úrsmiður, bóndi, læknir og svo framvegis. Menn hafa mismunandi áhugamál en ég hef mest verið í kirkjulegu, trúarlegu og frímúrírsku og svo eru aðrir í einhverju allt öðru.“

### ***Akasían fæst í kaupfélaginu***

Samvinnuhugsjónin er við lýði á „Skurðstofunni“ því menn greiða smá startgjald og geta þá gengið í spýtulagerinn en þar kennir ýmissa grasa, alls konar viður og meðal annars akasía. „Þetta er mjög þægilegt, menn geta fengið sér búta hér og greiða fyrir hann í stað þess að fara út um borg og bý til að leita að efni, fara síðan með það eitthvert til að láta saga og hefla, þetta er allt hér til staðar. Þetta er svona rassvasabókhald hjá okkur. Þegar það er kominn einhver peningur í kassann þá förum við og kaupum fleiri spýtur. Það er hægt að fá allt efni hér heima, meira að segja akasíuna. Við þurfum ekki að panta neitt frá útlöndum," segir blikkarinn á skurðstofunni. ✨



# Áhrif COVID-19 á starfsemi Reglunnar

Höfundar: Karl Gústaf Kristinsson og Eiríkur Finnur Greipsson  
Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Sérfræðingar höfðu lengi búist við skæðum heimsfaraldri af völdum inflúensuveiru. Það kom því nokkuð á óvart að við fengum heimsfaraldur af völdum nýrrar veiru sem flokkuð var sem kórónuveira. Fyrstu tilfelli COVID-19 (coronavirus disease of 2019) greindust í desember 2019 í Wuhan héraðinu í Kína. Í byrjun var ekki alveg ljóst hversu alvarlegur sjúkdómurinn væri, en ljóst að hann var mjög smitandi. Því miður reyndist þetta vera alvarlegur sjúkdómur. Ekkert okkar óraði fyrir því hversu mikil og langvinn áhrif þessi veira ætti eftir að hafa. Fyrsta tilfellið var greint á Íslandi 28. febrúar 2020 og 11. mars 2020 lýsti Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) faraldrinum sem heimsfaraldri. Nú, fjórum árum síðar, er veiran enn útbreidd og ljóst að hún er komin til að vera. Áhrifin á öll félagsstörf voru mjög mikil eins og á allt þjóðfélagið. Áhugavert og gagnlegt er að skoða áhrifin á starf Frímúrarareglunnar á Íslandi.

## Gagnaöflun

Skrifstofustjóri Reglunnar hefur haldið til haga gögnum um frímúrarastarfið á þessum tíma, m.a. um tilmæli og upplýsingar sem birt voru bræðrum, ýmist með tölvupósti og/eða á heimasíðu Reglunnar. Auk þess sendi Reglan póst á alla stólmeistara Reglunnar og óskaði eftir samantekt frá þeim um áhrif COVID-19 á stúkustarfið, m.a. með því að svara 10 spurningum. Með þessu fengust góðar upplýsingar um starf Reglunnar á tímum COVID-19. Eftirfarandi er samantekt á þessum upplýsingum.

## Stjórn Reglunnar og viðbragðsteymi

Þann 11. mars 2020, sama dag og Alþjóða heilbrigðisstofnunin, WHO, skilgreindi COVID-19 sem alheimsfaraldur, ákvað Stórmeistari að höfðu samráði við stjórnendur Reglunnar að fella niður öll fundahöld. Af því tilefni voru eftirfarandi tilmæli send bræðrum:

*„Yfirstjórn Reglunnar hefur undanfarið fundað um stöðuna og leitað samráðs við sérfræðinga innan sem utan hennar. Niðurstaða þeirrar vinnu er að Frímúrarareglan á Íslandi vill sýna þá samfélagslegu ábyrgð að fresta öllum fundum, ferðalögum og atburðum á vegum Reglunnar frá og með deginum í dag, miðvikudeginum 11. mars 2020 til og með mánudagsins 27. apríl 2020, að undanskilinni starfsemi skrifstofu og Ráða Reglunnar, sem munu starfa áfram eins og aðstæður leyfa.“*

Fljótlega varð ljóst að faraldurinn myndi hafa víðtæk og langvarandi áhrif. Því ákvað Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi að skipa dróttseta Stórmeistara, ræðismann Reglunnar og stórsiðameistara í vinnuhóp til að yfirfara allt siðbundið efni, koma með tillögur um hvernig aðlaga mætti framkvæmd funda að þeim reglum og fyrirmælum sem stjórnvöld settu, varðandi sóttvarnir, þ.m.t. hámarksfjölda einstaklinga sem mættu koma saman, lágmarks fjarlægð milli einstaklinga o.fl. Ennfremur skipaði hann sér til aðstoðar „Viðbragðsteymi Reglunnar“, sem í voru hersir Stórmeistara, stórsiðameistari og stórritari, sem hélt

utan um nauðsynlegar breytingar á framkvæmd siðbundinna funda og annarra samkoma og gefa út staðfærðar reglur byggðar á fyrirmælum yfirvalda og framangreinds vinnuhóps. Í kjölfarið voru einnig skipuð slík viðbragðsteymi í öllum 12 stúkuhúsum Reglunnar, enda þurfti staðbundna þekkingu á húsakynnum o.fl. atriðum til að geta sett fram skýrar reglur um fundahöld, siðbundin og almenn. Sem dæmi um reglur settar af viðbragðsteyminu má nefna að í upphafi starfsársins 2021-2022 áréttaði viðbragðsteymið eftirfarandi reglur þar til annað yrði ákveðið:

- ✦ *Bræður skulu sýna almenna aðgát, að snertast ekki að óþörfu, forðast hópamyndanir, vera ekki með hanska og að sótthreinsa hendur reglulega.*
- ✦ *Allir fundarmenn/gestir séu sitjandi og noti andlitsgrímu nema við bróðurmáltíð.*
- ✦ *Embættismönnum er heimilt að taka niður maska ef fjarlægð frá við komandi er yfir 1 metra.*
- ✦ *Eftir komu í hús og skráningu, skulu bræður skryðast, ganga beint til fundarsalar og setjast. Að loknu útkalli, ganga bræður beint að sæti sínu í borðsal.*
- ✦ *Áfengisveitingar eru ekki heimilar.*
- ✦ *Bræður safnist ekki saman til kaffidrykkju eftir borðhald.*
- ✦ *Ef fundarmenn þurfa að snertast eða snerta sömu hluti, þá verða þeir að íklæðast einnota hönskum og sótthreinsa reglulega.*
- ✦ *Inntökur og stigveitingar eru heimilar gegn notkun andlitsmaska, einnota hanska og sótthreinsun snertiflata.*
- ✦ *Leyfi salarkynni ekki 200 manna samkomu, þá gildir að hámarksfjöldi á fundi/borðhaldi miðast við takmörkun viðkomandi salar.*
- ✦ *Stólmeistarar hvernar stúku bera ábyrgð á framkvæmd funda.*

Mikil vinna var lögð í það að skoða hvernig aðlaga mætti framkvæmd funda á öllum stigum starfsins. Leitast var við að missa þó ekki hátíðleika og skilaboð sem felast í siðbundnu starfi, en óhjákvæmilega varð að sleppa hlutum eins og snertingum, setja upp handsprittbrúsa um allt, banna notkun hvíttra bómullarhanska, nota andlitsgrímur (maska), takmarka hópamyndanir, fella niður innkall á fundi, fella niður fjöldasöng og fleira og fleira.

## Fundi, Regluheimilið og Stúkuhúsin

Á tímabilinu frá 11. mars 2020 til þess tíma sem takmarkanir og sóttvarnareglur voru numdar úr gildi 25. febrúar 2022, þurfti endurtekið að breyta reglum og sóttvörnum til samræmis við tilmæli heilbrigðisyfirvalda í landinu. Allar tilkynningar til bræðranna voru birtar á heimasíðu Reglunnar. Alger fundahlé voru fyrirskipuð fimm sinnum og voru lengstu fundahléin frá 11. mars 2020 fram á sumarið og frá 7. október 2020 til 15. mars 2021. Lengsta fundahléið var því rúm 5 mánuðir. Fyrir utan alger fundahlé í stúkum, breyttust reglulega fjarlægðatakmarkanir (engar, 1 metri eða 2 metrar), fjöldi bræðra sem máttu koma saman,

forskráningar og notkun andlitsgríma. Til þess að geta framfylgt þessum reglum þurfti stórsiðameistari ásamt öðrum siðameisturum að reikna nákvæmlega út stærð funda- og matsala og áætla þann fjölda embættismanna og annarra bræðra sem gætu sótt fundi.

Við breytingar á sóttvarnareglum þurfti svo reglulega að endurskipuleggja salina m.t.t. staðsetningar stóla, fjölda embættismanna og bræðra á fundum o.fl. Stórhátíðirnar árin 2020 og 2021 voru haldnar með 100 manna fjöldatakmörkun (6. ágúst 2020 og 6. maí 2021). Stjórn Frímúrarakórsins ákvað að fella niður æfingar sínar og söng á stúkufundum og samkomum 2. október 2020 og var fjöldasöngur á stúkufundum ekki leyfður aftur fyrr en 19. maí 2022. Systrakvöld voru felld niður í Reykjavík bæði árin 2021 og 2022, en Þorragleði var haldin með fjarfundabúnaði bæði árin og bræðrum boðið upp á að sækja þorrabakka í Regluheimilið til að taka með sér og njóta með Þorragleðinni. Reglan bauð bræðrum og fjölskyldum þeirra til adventukvölds 17. desember 2020. Tilgangurinn var að gefa bræðrum og þeirra nánustu tækifæri til að halda sambandi og efla tengslin meðan ekki voru tækifæri til hefðbundinnar samveru. Adventukvöldið var sent út á netið í beinni útsendingu, sem var opin öllum bræðrum og fjölskyldum þeirra. Um 1.500 bræður skráu sig inn á þá útsendingu, sem var mjög hátíðleg, með ávarpi Stórmeistara, tónlistar- og söngatriðum, ávörpum bræðra, jólahugvekju, jólaguðspjallinu og ljósatendrun. Ætla má að ekki hafi færri en þrjú þúsund bræður og gestir þeirra fylgst með útsendingunni. Fjölmargar stúkur buðu einnig til rafrænnar samveru á jólahátíð. Þá var einnig boðið upp á að kaupa sérstaka jólamatarbakka, sem afgreiddir voru í Regluheimilinu í Reykjavík.

Það var loks þann 25. febrúar 2022 að heilbrigðisráðuneytið tilkynnti að öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna heimsfaraldurs COVID-19 yrði aflétt. Í kjölfarið sendi Stórmeistari og Viðbragðsteymið eftirfarandi tilkynningu á bræður:

*„Forskráninga á fundi er ekki lengur krafist, enda krafa um fjöldatakmarkanir ekki lengur til staðar. Ekki er lengur krafa um eins metra fjarlægðarmörk og grímu-notkun verður valkvæð. Eindregin tilmæli eru til bræðra um að gæta áfram vel að eigin sóttvörnum og taka tillit til óska annarra bræðra sem vilja gæta varúðar og sóttvarna. Meðal annars með því að forðast snertingar og hópamyndun.“*

## Áhrifin á bræður

Það voru ekki aðeins löng fundahlé sem höfðu áhrif á bræður, heldur einnig sóttvarnarádstafanir á fundum og varnaðarorð heilbrigðisyfirvalda. Það voru sérstaklega margir eldri bræður sem treystu sér ekki til að mæta á fundi, enda var öldruðum og þeim sem voru með langvinna sjúkdóma ráðlagt frá því að mæta á mannámót. Bræður söknuðu þess að geta ekki komið á fundina og upplifa innra starf Reglunnar, og um leið að missa af vináttu og bræðralagi bræðranna. Fram kom

Í svörum stólmeistara að margir af yngri bræðrum sem voru ekki búnir að fóta sig vel í Reglunni, hefðu heldur ekki mætt á fundi. Því miður var það svo álit flestra stólmeistaranna að fundasókn starfsárið 2022-2023 hefði ekki náð því sem hafði verið fyrir COVID-19 tímabilið.

Reglan reyndi sem best að halda sambandi við bræður, en það var misjafnt hvað einstakar stúkur gerðu. Allt frá því að gera ekki neitt í það að vera með fjölbreyttar aðferðir. Sem dæmi má nefna fjarfundi, hringingar, tölvupósta, heimsóknir með gjafir, pistla/greinar á heimasíðu á fundardegi sem féll niður, hlaðvörp á heimasíðu viðkomandi stúku, keyrt heim með gjafir um jóla og matarpakkar í boði í tengslum við jóla- og þorrafundi. Almennt var mest gert í Jóhannesarstúkunum. Nær allar stúkur voru með tölvupóstsamskipti, en aðeins þrjár með hlaðvörp. Heimasíða Reglunnar nýttist mjög vel til þess að miðla upplýsingum og til skráninga á fundi og var almennt ánægja með upplýsingagjöf.

#### Hvað lærðum við af þessu og hvernig getum við eftir starfið enn frekar?

Mikil ánægja var með fjarfundi, hlaðvörp, pistla og greinar á heimasíðu Reglunnar. Þessu mætti halda áfram og það gæti jafnvel virkjað bræður enn frekar til að fara reglulega inn á heimasíðuna. Gera mætti slíkt efni aðgengilegt öllum stúkum, eins að bræður hefðu tækifæri til að sjá eldra efni. Fá mætti bræður sem eru fræðimenn til að halda fyrirlestra og jafnvel fara á milli stúkna. Samstarf stúkna var almennt mjög gott á þessum tíma og mætti halda

áfram virku samstarfi. Ljóst er að með samtakamætti og samheldni bræðra getur Reglan tekist á við áföll af þessu tagi í framtíðinni. Reglan er mikilvæg bræðrum og fjölskyldum þeirra. Koma þarf eldri bræðrum og bræðrum sem eru nýkomnir í Regluna aftur inn í starfið.

#### Lokaorð

Þrátt fyrir að fjölmargir bræður hefðu veikt af COVID-19, er hvorki vitað til þess að bræður hafi smitast á fundum né þurft að fara í sóttkví vegna smitandi bróður. Þetta er einstakur og frábær árangur og má áreiðanlega þakka það stjórn Reglunnar, viðbragðsteymum, svo og frábæru starfi stórsiðameistara ásamt siðameisturum stúknanna, sem undirbyggðu fundi af kostgæfni og sáu um að framkvæmd væri samkvæmt settum reglum. Hafa skal í huga að öndunarferasýkingar eru alltaf algengar á veturna. Notkun á handspritti á þeim tíma dregur úr smiti og væri æskilegt að halda áfram að hafa handspritt aðgengilegt á völdum stöðum í stúkuhúsunum og minna á notkun þess. Eins þarf að minna bræður áfram á að mæta ekki á fundi ef þeir eru með einkenni öndunarferasýkinga. Margir bræður eru aldraðir og með undirliggjandi sjúkdóma og mikilvægt er að nota lærdóm okkar til að draga úr líkum á því að þeir sýkist á fundum. ✨



Ferðabráður hafa nú ákveðið að hefja skráningu í nýja ferð til Sögueyjunnar Möltu sem verður farin 21. - 28. Maí 2025.

Malta er gríðarlega spennandi fyrir okkur þar sem hún á sér ríka sögulega tengingu við Regluna.

Malta er algerlega einstök er kemur að sögu, menningu og matarvenjum. Saga þeirra er meðal þeirra elstu sem fyrirfinnast í Evrópu og heiminum öllum, menningin og matarvenjurnar sambland af ítölskum, afrískum og arabískum áhrifum auk sem þar gætir breskra áhrifa.

Ríkuleg dagskrá og eftirminnilegt Galakvöld fyrir bræður og systur.

„Það er óhikað hægt að mæla með ferð sem þessari við alla bræður og systur sem eru í leit að ævintýrlegri ferð með frímúraratengingu og frábærum viðburðum.“



Bræðraferðir - Ferðaskrifstofa | Síðumúli 29, 108 Reykjavík  
Egill Örn - 899 6205 & Jón Þorsteinn - 891 8732



AZ Medica sérhæfir sig í þjónustu á hágæða tæknivörum fyrir heilbrigðisgeirann í samvinnu við Medtronic, stærsta fyrirtæki á sviði heilbrigðisbúnaðar í heiminum.

 **AZ Medica.** PARTNER **Medtronic**  
Skemmuvegur 6 (blá gata) | 564-5055 | [medica@medica.is](mailto:medica@medica.is)

# Á slóðum Musterisriddaranna á Möltu

Höfundur: Jón Þorsteinn Sigurðsson  
Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson



Í kjölfar þess að Musterisriddurum var stökkt á flóttu frá Ródos árið 1522 komu þeir sér upp aðstöðu á Möltu. Ottómanaveldið, sem sótti að riddurunum, var hins vegar ekki af baki dottið og reyndi sömuleiðis að ná hinum nýju heimkynnum þeirra undir sig. Fyrst gerðist það með árás 1551 sem fór út um þúfur. Að nýju sóttu Súleiman mikli og herlið hans að eyjunni árið 1565.

500 riddarar auk 6.000 fótgönguliða náðu að hrinda árásinni. Þótti það gríðarlegt afrek og fóru fréttir af atburðinum sem eldur í sinu um Evrópu. Urðu lýsingarnar á átökunum svo mikilfenglegar að sjálfur Voltaire er hafður fyrir því að „ekkert er eins vel þekkt og umsátrið um Möltu.“

Það var um sögulslóðir þessara atburða sem 176 bræður og systur fóru í maí síðastliðnum í þéttari og áhugaverðri ferð sem skipulögð var af bræðrunum Agli Erni Arnarsyni Hansen, Snorra Magnússyni og Jóni Þorsteini Sigurðssyni.

Sótti bræðrahópurinn meðal annars fund í stúkunni Templaris Lodge no. XIV í Valetta en það er höfuðborg eyjunnar og raunar syðsta höfuðborg Evrópu.

## Sögubrunnir staðir

Í skoðunarferðum var farið um borgina en einnig borgirnar Mdina, Mosta og Rabat. Þar bar margt fyrir augu, kirkjur, söfn og sögustaðir.

Efnt var til gala-kvöldverðar í húsakynnum Musterisriddaranna sem nefnast La Sacra Infermeria. Var þar um eins konar systrakvöld að ræða þar sem dýrindis veigar, matur og vín, var á borðum og boðið var upp á einstök tónlistaratriði. Líkt og meðfylgjandi myndir vitna um var hópurinn í sínu fínasta þússi af þessu tilefni.

Var afar vel af ferðinni látið og hafa forvígismenn hennar nú þegar hafið undirbúning að annarri slíkri sem haldið verður í á nýju ári. ✨

↑ Allt umhverfið á Möltu var ævintýri líkast og ljóst af myndum og frásögnum að bræður og systur nutu ferðarinnar vel.



↑ Það var glæsilegur hópur bræðra sem hélt á fund í stúkunni Templaris Lodge no. XIV í Valetta.



# Bætt hreinlæti í snjöllum heimi



## Snjallari í dag en í gær.

Hvort sem það er í skipulagi, verklagi eða þjónustu þá erum við sífellt að þróa snjallari aðferðir, tæki og efni til að nota við þrif og ræstingar.

Sérhannaðar lausnir fyrir hvern og einn viðskiptavin. Rétt skilgreint og gott skipulag ásamt snjöllum samskiptum stuðla að betri árangri í ræstingum hjá þínu fyrirtæki.

## Hafðu samband og fáðu ráðgjöf.

**Hreint**  
RÆSTING

hreint.is s: 589 5000 hreint@hreint.is



ÁVARP STÓRMEISTARA

# Gleðilegt sumar

KRISTJÁN ÞÓRÐARSON



↑ SMR Kristján Þórðarson. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Kæru bræður.

Frímúrarareglan á Íslandi stendur föstum fótum. Bræðrum í Reglunni hefur fjölgað, stúkustarfið er kröftugt, andinn almennt góður og Reglan stendur fjárhagslega vel. Þann 24. ágúst næstkomandi (á Menningarnótt) verður opið hús í Regluheimilinu. Er það gert í tilefni þess að í ár verður þess minnst að 100 ár verða liðin frá stofnun bókasafns Reglunnar. Vil ég hvetja bræður til að fjölmenna og bjóða fjölskyldunni, vinum og kunningjum með í Regluheimilið af þessu tilefni.

Regluhátíðin var haldin 14. janúar síðastliðinn og eins og áður var erlendum leiðtogum reglna boðið til þessarar hátíðar. Fjöldi bræðra sem sótti fundinn náði nýjum hæðum eða liðlega 440 bræður og færri komust að en vildu. Erlendir bræður sem mættu voru 22 ásamt 11 mökum, en einhverjir afboðuðu komu sína, eins og gengur. Daníel Bauwens, Stórmeistari „Regular Grand Lodge“ í Belgíu, var gerður að heiðursfélaga í Frímúrarareglunni á Íslandi. Fjórir bræður voru sæmdir Heiðursmerki Reglunnar. Það voru bræðurnir Arnar Hauksson, Gunnar Gunnarsson, Ásmundur Svanberg Jónsson og Ólafur Vigfússon. Það var okkur öllum ánægjuefni að gleðjast saman með gestum okkar, sem hafa fundið tíma til að sækja Regluhátíðina heim.

Stórhátíð var síðan haldin 21. mars, en í Grundvallarlögunum kveður á um að halda skuli þá hátíð sem næst

jafnægri að vori. Tæplega 300 bræður mættu á þann fund og eins og með Regluhátíðina komust færri að en vildu. Þrír nýir R&K voru kynntir til starfa og þrír nýir bræður voru kynntir í Æðstaráð Reglunnar. Við bjóðum þessa bræður og aðra þá bræður sem taka nú við nýjum embættum velkomna til starfa. Einnig þökkum við öllum þeim bræðrum sem nú láta af embættum fyrir Regluna og Landsstúkuna fyrir þeirra góðu störf. Er þessum bræðrum gerð frekari skil í blaðinu.

Ég er afskaplega þakklátur öllum þeim mikla fjölda bræðra sem hafa komið að undirbúningi Reglu- og Stórhátíðar og gengið þannig til verks að unun er að starfa með svo samheldnum og iðnum bræðrum. Þá er einnig ástæða til að þakka fyrir þann mikla fjölda bræðra sem sótti þessa fundi.

Eins og bræðrum er kunnugt, hefur mikil viðhaldsvinna átt sér stað í Regluheimilinu í Reykjavík og mun hún halda áfram á komandi árum. Komið hafa í ljós rakaskemmdir í húsinu, sem þarf að lagfæra svo fljótt sem auðið er.

Bræður mínir, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars og vona að þið njótið samvista við fjölskyldur ykkar í leik og starfi. Ég hlakka til Reglustarfsins með ykkur að hausti, sem hefst 5. september, og vonast til að sjá ykkur þar alla hressa og glaða og tilbúna til að takast á við starfið. ✨

Frímúrarinn

# Nýir stólmeistarar



## Birgir Ásgeir Kristjánsson

Þann 28. febrúar síðastliðinn var Birgir Ásgeir Kristjánsson settur í embætti stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Röðuls á Selfossi. Stýrði Allan Vagn Magnússon athöfninni.

Birgir Ásgeir er fæddur á Akureyri 21. febrúar 1969, sonur hjónanna Önnu Lillyjar Daníelsdóttur og Kristjáns Árnasonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1990 og B.Sc. námi í líffræði frá Háskóla Íslands 1993 og og MSc námi í Aquaculture frá Stirling-háskóla í Skotlandi 1995.

Birgir Ásgeir starfaði í fiskeldi í tíu ár eftir heimkomu frá Skotlandi en hefur starfað hjá Íslenska gámafélaginu frá 2007 og gegnir stöðu framkvæmdastjóra útflutnings og hráefnasviðs fyrirtækisins.

Birgir Ásgeir gekk í St. Jóhannesarstúkuna Rún í nóvember 1999 en flutti sig yfir í Röðul árið 2011 og hefur starfað þar í embættum vararæðumeistara, ræðumeistara, aðstoðarmeistara og varameistara á árunum 2013-2024 ásamt því að starfa í Bræðranefnd Röðuls frá 2020 þar af sem formaður nefndarinnar frá 2021.

Birgir Ásgeir er kvæntur Dóru Björnsdóttur, hjúkrunarfræðingi á SLYSA og bráðmóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss, og eiga þau þrjár dætur og tvö barnabörn. ✨



## Sævar Jónsson

Þann 4. mars síðastliðinn var Sævar Jónsson settur í embætti stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Akurs á Akranesi. Skúli Lýðsson stýrði fundinum.

Sævar er fæddur á Akranesi 3. nóvember 1967, sonur hjónanna Jóns Hilbergs Sigurðssonar frá Stykkishólmi og Kristjönu Emilfu Guðmundsdóttur frá Dröngum á Skógarströnd.

Hann er alinn upp í Austurbæ Kópavogs og bjó þar uns hann yfirgaf foreldrahús 1987. Hann hefur einnig dvalið langdvölum á Skógarströnd en þar áttu foreldrar hans sumarhús í landi Dranga.

Sævar gekk í Iðnskóla Reykjavíkur og útskrifaðist sem blikksmiður árið 1990. Meistari hans í blikksmíði er Willy Petersen í St. Jóh.stúkunni Mími og starfaði Sævar hjá honum til ársins 1995. Árið 1996 fluttist Sævar á Akranes og hóf störf hjá Guðmundi J. Hallgrímssyni í Blikksmiðju Guðmundar. Fyrirtækið er nú í eigu Sævars og eiginkonu hans, Gerðar Helgu Helgadóttur, sem er frá Akranesi.

Þau eiga tvo syni. Barnabörn þeirra eru þrjú.

Sævar gekk í Frímúrararegluna, og þá stúkuna Akur árið 2008. Hann gegndi embætti aðstoðarsíðameistara í stúkunni 2011-2014, vararæðumeistara 2014-2016 og síðameistara 2016-2021. Þá sat hann í bræðranefnd 2021-2022. Hann var vara eldri stólvörður í St. Andr.stúkunni Hugin 2021-2022 en tók við embætti varameistara Akurs 2022. ✨

# Endurgreiðslur í 30 ár



Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóva Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í 30 ár.

**SJÓVÁ**



  
**WACACO**

# 10 DROPAR HVAR SEM ER

## EXAGRIND

Kaffikvörn sem malar **20 g**  
**53 x 67 x 143 mm**



## NANOPRESSO

**18 bör / 80 ml**  
**62 x 71 x 156 mm**  
fyrir hylki eða  
malað kaffi



## PICOPRESSO

**18 bör / 80 ml**  
**71 x 78 x 106 mm**  
fyrir malað kaffi



## MINIPRESSO NS2

**18 bör / 80 ml**  
**60 x 70 x 129 mm**  
fyrir hylki



Hvort sem þú ert að fara í gönguferð, útilegu, gista á hóteli eða vilt einfaldlega njóta ilmandi kaffis með engri fyrirhöfn heima eða á skrifstofunni, þá eru nettu og handhægu **WACACO** kaffivélarnar tær snilld hvenær sem er.

Vélarnar virka þannig að þú fyllir vatnsgeymi með sjóðandi vatni, setur malað kaffi eða kaffihylki í efri hlutann, pumpar svo í 18 bör og lætur ljúft kaffið streyma beint í bollann.



Sjáðu **WACACO** úrvalið í netverslun.



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2010-2023



**VEIÐIHORNIÐ**